

# KJARASAMNINGUR

## SAMBANDS ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

F.H. ÞEIRRA SVEITARFÉLAGA OG ANNARRA AÐILA  
SEM ÞAÐ HEFUR SAMNINGSUMBOÐ FYRIR

OG

## MATVÍS

RAFIDNAÐARSAMBAND ÍSLANDS  
FÉLAGS VÉLSTJÓRA OG MÁLMTÆKNIMANNA

## GILDISTÍMI:

1. apríl 2024 til 31. mars 2028

**EFNISYFIRLIT**

<b>1 KAFLI: LAUN</b>	<b>4</b>
1.1 FÖST MÁNAÐARLAUN	4
1.4 TÍMAVINNUKAUP	4
1.5 YFIRVINNUKAUP	5
1.6 ÁLAGSGREIÐSLUR	6
1.7 PERSÓNUUPPBÓT	7
1.7 PERSÓNUUPPBÓT	8
<b>2 KAFLI: VINNUTÍMI</b>	<b>8</b>
2.1 ALMENNT	8
2.2 DAGVINNA OG AFBRIGÐILEGUR VINNUTÍMI	9
2.5 BAKVAKTIR	9
2.6 VAKTAVINNA	10
<b>3 KAFLI: HLÉ FRÁ VINNU – FÆÐI OG MATSTOFA</b>	<b>15</b>
3.1 HLÉ FRÁ VINNU	15
3.2 FÆÐI OG MATSTOFA	15
3.3 FRÍTT FÆÐI	16
<b>4 KAFLI: ORLOF</b>	<b>17</b>
4.1 LENGÐ ORLOFS	17
4.2 ORLOFSÁRIÐ	17
<b>10 STARFSÞRÓUN OG SÍMENNTUN</b>	<b>18</b>
10.1 STARFSÞJÁLFUN Á VEGUM STOFNUNAR	18
PERSÓNUÁLAG	18
LAUNAÐ NÁMSLEYFI	20
LÖGBUNDIN STARFSRÉTTINDI	20
<b>12 KAFLI: RÉTTUR STARFSMANNA VEGNA VEIKINDA EÐA SLYSA</b>	<b>21</b>
12.2 RÉTTUR TIL LAUNA VEGNA VEIKINDA OG SLYSA	21
12.8 VEIKINDI BARNA YNGRI EN 13 ÁRA	21
<b>13 LAUNASEÐILL, FÉLAGSGJÖLD OG IÐGJALDAGREIÐSLUR</b>	<b>22</b>
13.8 NÁMSSJÓÐUR	22
<b>14. KAFLI: GILDISTÍMI OG SAMNINGSFORSENDUR</b>	<b>23</b>
14.1 GILDISTÍMI	23
14.2 ATKVÆÐAGREIÐSLA OG SAMNINGSFORSENDUR	23
<b>BÓKANIR</b>	<b>24</b>
BÓKANIR MEÐ KJARASAMNINGUM AÐILA	24
<b>FYLGISKJÖL OG VIÐAUKAR</b>	<b>27</b>
FYLGISKJAL 1: LAUNATÖFLUR OG TENGITAFLA VIÐ STARFSMAT	27
FYLGISKJAL 4: LEIÐBEININGAR	33
VIÐAUKI 4: LAUNATÖFLUAUKI 2024 TIL 2028	35

---

## INNGANGUR

---

Kjarasamningar aðila framlengjast frá 1. apríl 2024 til 31. mars 2028 með þeim breytingum sem í samkomulagi þessu felast og fellur þá úr gildi án frekari fyrirvara.

Kjarasamningur þessi byggir á heildarkjarasamningi Sambands Íslenskra sveitarfélaga f.h. þeirra sveitarfélaga og annarra aðila sem það hefur samningsumboð fyrir, Matvís og Rafiðnaðarsambands Íslands OG Félags vélstjóra og málmæknimanna.

Með þessum kjarasamningi eru ákvæði um betri vinnutíma færð inn í kjarasamninginn skv. fylgiskjölum 2 og 3 með áorðnum breytingum og falla þar með bæði fylgiskjölin úr gildi.

## 1 KAFLI: LAUN

### 1.1 FÖST MÁNAÐARLAUN

#### Grein 1.1.1 breytist og hljóði svo

1.1.1 Mánaðarlaun þeirra sem gegna fullu starfi, skulu greidd samkvæmt eftirfarandi launatöflu, sjá nánar í fylgiskjali 1:

Launatafla 1: Gildir frá 1. apríl 2024 til 31. mars 2025

Launatafla 2: Gildir frá 1. apríl 2025 til 31. mars 2026.

Launatafla 3: Gildir frá 1. apríl 2026 til 31. mars 2027.

Launatafla 4: Gildir frá 1. apríl 2027 til 31. mars 2028.

Mánaðarlaun hækka sem hér segir á samningstímanum:

1. apríl 2024: 23.750 kr. eða að lágmarki um 3,25% sbr. launatöflu 1.

1. apríl 2025: 23.750 kr. eða að lágmarki um 3,50% sbr. launatöflu 2.

1. apríl 2026: 23.750 kr. eða að lágmarki um 3,50% sbr. launatöflu 3.

1. apríl 2027: 23.750 kr. eða að lágmarki um 3,50% sbr. launatöflu 4.

Útgefin launatafla hverju sinni nær yfir alla launaflokka sem miðað er við í kjarasamningi þessum. Við launaflokk leggst einstaklingsbundið persónuálag í samræmi við viðeigandi ákvæði í 10. kafla samnings þessa og myndar þannig dagvinnulaun viðkomandi starfsmanns.

Undir almenn ákvæði þessa kjarasamnings heyrja allir þeir starfsmenn sem sinna skilgreindum störfum skv. starfsmati sveitarfélaga og fá laun sem starfinu fylgja.

#### 1.1.4 Önnur laun er starfinu fylgja

**Grein 1.1.4 er ný grein og hljóði svo frá 1. nóvember 2024.**

Auk mánaðarlauna er heimilt að greiða önnur laun er starfinu fylgja með mánaðarlegri greiðslu vegna:

- Starfstengdra þátta og/eða álags sem ekki verður mælt í tíma

Sé heimildarákvæðinu beitt, skal tryggt að málsmeðferð og ákvörðun um greiðslu annarra launa byggji á málefnalegum sjónarmiðum og feli ekki í sér kynbundna mismunun.

*Heimildarákvæðinu er ætlað að styðja við þær breytingar sem leiða af betra skipulagi vinnutíma. Ákvörðun um önnur laun skal skjalfest í ráðningarsamningi eða viðauka við hann.*

### 1.4 TÍMAVINNUKAUP

**Grein 1.4.1 um tímavinnukaup breytist á samningstíma. Eftirfarandi gildir um dagvinnufólk til 31. október 2024.**

1.4.1 Tímavinnukaup í dagvinnu í hverjum launaflokki er 0,615% af mánaðarkaupi. Við útreikning tímakaups skal jafnframt taka mið af persónuálagi viðkomandi starfsmanns, sbr. gr. 1.1.1 og 10. kafla eftir því sem við á.

*Þegar unnið er í tímavinnu skal ekki greitt vaktaálag á þær stundir sem eru utan hefðbundins dagvinnutíma heldur greidd yfirvinna.*

*Grein 1.4.1 breytist á samningstíma. Ofangreint gildir fyrir dagvinnufólk til 31. október 2024.*

**Grein 1.4.1 um tímavinnukaup breytist á samningstíma. Eftirfarandi gildir um dagvinnufólk frá og með 1. nóvember 2024.**

1.4.1 Tímavinnukaup í dagvinnu er 0,632% af mánaðarlaunum í hverjum launaflokki og þrepi.

Við útreikning tímakaups skal jafnframt taka mið af persónuálagi viðkomandi starfsmanns, sbr. gr. 1.1.1 og 10. kafla eftir því sem við á.

*Þegar unnið er í tímavinnu skal ekki greitt vaktaálag á þær stundir sem eru utan hefðbundins dagvinnutíma heldur greidd yfirvinna. Sjá nánar leiðbeiningar vegna ráðningarfyrríkomulagsins tímavinnu í fylgiskjal 3.*

*Grein 1.4.1 breytist á samningstíma fyrir dagvinnufólk. Ofangreint gildir frá 1. nóvember 2024.*

*Tímavinnukaup í vaktavinnu er 0,632% og tók gildi 1. maí 2021.*

## 1.5 YFIRVINNUKAUP

**Grein 1.5.1 um yfirvinnu breytist á samningstíma. Eftirfarandi gildir um dagvinnufólk til 31. október 2024.**

1.5.1 Yfirvinna er greidd með tímakaupi, sem skiptist í yfirvinnu 1 og yfirvinnu 2. Tímakaup yfirvinnu 1 er 0,9385% af mánaðarlaunum en tímakaup yfirvinnu 2 er 1,0385% af mánaðarlaunum.

Greiðsla fyrir yfirvinnu skal vera með eftirtöldum hætti:

Yfirvinna 1: kl. 08.00 - 17.00 mánudaga – föstudaga.

Yfirvinna 2: kl. 17.00 - 08.00 mánudaga – föstudaga.

Yfirvinna 2: kl. 00.00 - 24.00 laugardaga, sunnudaga og sérstaka frídaga.

Tímakaup yfirvinnu 2 greiðist jafnframt fyrir vinnu umfram fullt starf skv. gr. 2.1.1.

*Standist umsamin tímasetning á framkvæmd styttingar vinnutíma ekki hjá sveitarfélagi/stofnun, fylgir breyting á gr.1.5.1 breyttri dagsetningu.*

*Starfi félagsmaður hjá sama sveitarfélagi á fleiri en einni starfseiningu eða stofnun skal við útreikning á yfirvinnu 1 og 2 miða við heildarstarfshlutfall hjá viðkomandi sveitarfélagi eins og um eitt starf væri að ræða.*

*Grein 1.5.1 breytist á samningstíma. Ofangreint gildir fyrir dagvinnufólk til 31. október 2024.*

**Grein 1.5.1 um yfirvinnu breytist og hljóði svo frá 1. nóvember 2024. Eftirfarandi gildir frá og með 1. nóvember 2024.**

1.5.1 Yfirvinna er greidd með tímakaupi, sem skiptist í yfirvinnu 1 og yfirvinnu 2. Tímakaup yfirvinnu 1 er 0,9385% af mánaðarlaunum í hverjum launaflokki og þrepi en tímakaup yfirvinnu 2 er 1,0385% af mánaðarlaunum í hverjum launaflokki og þrepi.

Greiðsla fyrir yfirvinnu skal vera með eftirtöldum hætti:

Yfirvinna 1 Kl. 08.00 - 17.00 mánudaga – föstudaga.

Yfirvinna 2 Kl. 17.00 - 08.00 mánudaga – föstudaga.

Yfirvinna 2 Kl. 00.00 - 24.00 laugardaga, sunnudaga og sérstaka frídaga.

Tímakaup yfirvinnu 2 greiðist jafnframt fyrir vinnu umfram 38,92 stundir á viku (168,63 stundir miðað við meðalmánuð).

*Grein 1.5.1 breytist á samningstíma. Ofangreint gildir frá 1. nóvember 2024.*

## 1.6 ÁLAGSGREIÐSLUR

Vaktaálag er greitt til þeirra starfsmanna sem vinna vaktavinnu, bakvaktir og aðra vinnu sem fellur utan dagvinnutímabils en er hluti vikulegrar vinnuskyldu (sbr. gr. 2.2.3.). Vaktaálag er greitt vegna afbrigðilegs og óþægilegs vinnutíma.

### Grein 1.6.1 um vaktaálag breytist á samningstíma. Eftirfarandi gildir um dagvinnufólk til 31. október 2024.

1.6 Álagsgreiðslur - vaktaálag

1.6.1 Vaktaálag reiknast af dagvinnukaupi, sbr. gr. 1.4.1. Vaktaálag skal vera:

33,33% kl. 17:00 – 24:00 mánudaga til fimmtudaga

55,00% kl. 17:00 – 24:00 föstudaga

55,00% kl. 00:00 – 08:00 mánudaga til föstudaga

55,00% kl. 00:00 – 24:00 laugard., sunnud. og sérstaka frídaga

90,00% kl. 00:00 – 24:00 stórhátíðardaga, sbr. 2.1.4.3.

Brot úr klst. greiðist hlutfallslega.

*Grein 1.6.1 breytist á samningstíma. Ofangreint gildir fyrir dagvinnufólk til 31. október 2024.*

### Grein 1.6.1 um vaktaálag breytist á samningstíma. Eftirfarandi gildir frá 1. nóvember 2024:

1.6.1 Vaktaálag reiknast af dagvinnukaupi sbr. gr. 1.4.1. Vaktaálag skal vera:

33,33% kl. 17:00 - 24:00 mánudaga - fimmtudaga

55,00% kl. 17:00 - 24:00 föstudaga

65,00% kl. 00:00 - 08:00 þriðjudaga - föstudaga

55,00% kl. 08:00 - 24:00 laugardaga, sunnudaga og sérstaka frídaga

75,00% kl. 00:00 - 08:00 laugardaga, sunnudaga, mánudaga og sérstaka frídaga

120,00% kl. 00:00 - 24:00 stórhátíðardaga sbr. gr. 2.1.4.3.

165,00% kl. 16:00 - 24:00 á aðfangadag og gamlársdag sbr. gr. 2.1.4.3.

165,00% kl. 00:00 - 08:00 á jóladag og nýársdag sbr. gr. 2.1.4.3

Brot úr klst. greiðist hlutfallslega.

*Grein 1.6.1 breytist á samningstíma. Ofangreint gildir frá 1. nóvember 2024.*

*Grein 1.6.1 fyrir vaktavinnufólk gildir frá 1. apríl 2023.*

### Grein 1.6.2 um bakvaktaálag breytist á samningstíma. Eftirfarandi gildir um dagvinnufólk til 31. október 2024.

1.6.2 Greiðsla fyrir bakvaktir skal reiknast af dagvinnukaupi, sbr. gr. 1.4.1 með eftirtöldum hætti:

45,00% kl. 00:00 – 08:00 mánudaga

33,33% kl. 00:00 – 08:00 þriðjudaga til föstudaga

33,33% kl. 17:00 – 24:00 mánudaga til fimmtudaga  
 45,00% kl. 17:00 – 24:00 föstudaga  
 45,00% kl. 00:00 – 24:00 laugard., sunnud. og sérstaka frídaga  
 90,00% kl. 00:00 – 24:00 stórhátíðardaga, sbr. 2.1.4.3.

Brot úr klst. greiðist hlutfallslega. Um greiðslur fyrir útköll á bakvakt gildir gr. 2.3.3.

*Grein 1.6.2 breytist á samningstíma. Ofangreint gildir fyrir dagvinnufólk til 31. október 2024.*

### **Grein 1.6.2 um bakvaktaálag breytist á samningstíma og hljóði svo frá 1. nóvember 2024.**

1.6.2 Greiðsla fyrir bakvaktir skal reiknast af dagvinnukaupi sbr. gr. 1.4.1 með eftirtöldum hætti:

33,33% kl. 17:00 - 24:00 mánudaga - fimmtudaga  
 45,00% kl. 17:00 - 24:00 föstudaga  
 45,00% kl. 00:00 - 08:00 mánudaga  
 33,33% kl. 00:00 - 08:00 þriðjudaga - föstudaga  
 45,00% kl. 00:00 - 24:00 laugard., sunnud. og sérstaka frídaga  
 120,00% kl. 00:00 - 24:00 stórhátíðardaga sbr. gr. 2.1.4.3.  
 165,00% kl. 16:00 - 24:00 á aðfangadag og gamlársdag sbr. gr. 2.1.4.3.  
 165,00% kl. 00:00 - 08:00 á jóladag og nýársdag sbr. gr. 2.1.4.3

Brot úr klst. greiðist hlutfallslega. Um greiðslur fyrir útköll á bakvakt gildir gr.2.3.3.

*Grein 1.6.2 breytist á samningstíma. Ofangreint gildir frá 1. nóvember 2024.*

## **1.7 PERSÓNUUPPBÓT**

### **Grein 1.7.1 um persónuuppbætur breytist og gildir eftirfarandi til 31. október 2024:**

1.7.1 Starfsmaður í 100% starfshlutfalli fær greidda persónuuppbót 1. maí og 1. desember ár hvert.

Greitt skal hlutfallslega miðað við starfshlutfall og starfstíma síðustu 12 mánuði fyrir greiðsludag. Hafi starfsmaður gengt hlutastarfi eða starfað hluta úr ári, skal hann fá greitt hlutfallslega miðað við starfshlutfall og starfstíma. Það sama gildir um tímavinnufólk og miðast óskert fjárhæð við 1.504 unnar dagvinnustundir.

Hafi starfsmaður látið af störfum á árinu vegna aldurs skal hann fá greidda persónuuppbót hlutfallslega miðað við starfshlutfall og starfstíma. Sama hlutfallsregla gildir ef starfsmaður var frá störfum vegna veikinda eftir að greiðsluskyldu vinnuveitanda lýkur eða vegna fæðingarorlofs sbr. 8. gr. laga nr. 95/2000.

Persónuuppbót er föst fjárhæð og tekur ekki breytingum skv. öðrum ákvæðum samningsins. Á persónuuppbót reiknast ekki orlofslaun. Áunnin persónuuppbót skal gerð upp við starfslok starfsmanns. Persónuuppbót miðað við 100% starfshlutfall á samningstímanum verður sem hér segir:

Persónuuppbót miðað við 100% starfshlutfall á samningstímanum verður sem hér segir:

1. maí 2024 kr. 57.500

*Grein 1.7.1 breytist á samningstíma. Ofangreint gildir til 31. október 2024.*

## 1.7 PERSÓNUUPPBÓT

### Grein 1.7.1 um persónuuppætur breytist og hljóðar svo frá og með 1. nóvember 2024:

1.7.1 Starfsmaður í 100% starfshlutfalli fær greidda persónuuppbot 1. maí og 1. desember ár hvert. Greitt skal hlutfallslega miðað við starfshlutfall og starfstíma síðustu 12 mánuði fyrir greiðsludag. Hafi starfsmaður gengt hlutastarfi eða starfað hluta úr ári, skal hann fá greitt hlutfallslega miðað við starfshlutfall og starfstíma.

Tímavinnumaður fær fulla persónuuppbot ef hann vinnur 1504 virkar vinnustundir. Greitt skal hlutfallslega miðað við unna tíma og starfstíma síðustu 12 mánuði fyrir greiðsludag.

Hafi starfsmaður látið af störfum á árinu vegna aldurs skal hann fá greidda persónuuppbot hlutfallslega miðað við starfshlutfall og starfstíma.

Sama hlutfallsregla gildir ef starfsmaður var frá störfum vegna veikinda eftir að greiðsluskyldu vinnuveitanda lýkur eða vegna fæðingarorlofs sbr. 8. gr. laga nr. 144/2020. Sjá einnig gr. 11.1.8.

Persónuuppbot er föst fjárhæð og tekur ekki breytingum skv. öðrum ákvæðum samningsins. Á persónuuppbot reiknast ekki orlofslaun.

Áunnin persónuuppbot skal gerð upp við starfslok starfsmanns.

Persónuuppbot miðað við 100% starfshlutfall á samningstímanum verður sem hér segir:

1. desember 2024	kr. 135.500
1. maí 2025	kr. 59.500
1. desember 2025	kr. 140.000
1. maí 2026	kr. 62.000
1. desember 2026	kr. 145.000
1. maí 2027	kr. 64.000
1. desember 2027	kr. 150.000

*Grein 1.7.1 breytist á samningstíma. Ofangreint gildir frá 1. nóvember 2024.*

## 2 KAFLI: VINNUTÍMI

### 2.1 ALMENNT

#### Grein 2.1.1 um vinnuviku breytist á samningstíma. Eftirfarandi gildir til 31. október 2024:

- 2.1.1 Vinnuvika starfsmanns í fullu starfi er 40 stundir nema um skemmri vinnutíma sé sérstaklega samið, sbr. fylgiskjal 2 og fylgiskjal 3 sem fjallar um vinnutíma vaktavinnufólks.

*Grein 2.1.1 breytist á samningstíma. Ofangreint gildir fyrir dagvinnufólk til 31. október 2024.*

**Grein 2.1.1 um vinnuviku breytist á samningstíma. Eftirfarandi gildir frá 1. nóvember 2024:**

- 2.1.1 Vinnuvika starfsfólks í fullu starfi er 36 virkar vinnustundir. Heimilt er að semja við starfsfólk um tilflutning vinnuskyldu milli vikna eða árstíða.

*Grein 2.1.1 breytist á samningstíma. Ofangreint gildir frá 1. nóvember 2024.*

**2.2 DAGVINNA OG AFBRIGÐILEGUR VINNUTÍMI**

**Skýringatexti við grein 2.2.3 breytist og hljóði svo.**

- 2.2.3 Afbrigðilegur vinnutími er sú vinna sem unnin er utan venjulegs dagvinnutímabils en er hluti af vikulegri vinnuskyldu.

*Dagvinnumaður sem vinnur hluta af vikulegri vinnuskyldu sinni utan dagvinnutímabils, skv. gr. 2.2.1, skal fá greitt álag skv. gr. 1.6.1. á þann hluta starfs síns. Hafi verið samið um rýmkun á dagvinnutímabili skv. gr.2.1.2, greiðist ekki álag utan þeirra tímamarka sem greinir í gr.2.2.1.*

*Grein þessi gildir eingöngu um vinnu á virkum dögum.*

**Grein 2.3.6 um reglubundna vinnu breytist á samningstíma. Eftirfarandi gildir til 31. október 2024:**

- 2.3.6 Samfelld reglubundin vinna einn mánuð eða lengur innan dagvinnumarka, allt að fullri vinnuskyldu greiðist sem reiknað hlutfall af mánaðarlaunum, enda hafi náðst samkomulag við starfsmann áður en sú vinna hófst.

*Grein 2.3.6 breytist á samningstíma. Ofangreint gildir til 31. október 2024.*

**Grein 2.3.6 um reglubundna vinnu breytist á samningstíma. Eftirfarandi gildir frá 1. nóvember 2024:**

- 2.3.6 Reglubundin vinna dagvinnumanna innan dagvinnumarka, í einn mánuð eða lengur, allt að vinnuskyldu miðað við fullt starf, greiðist sem reiknað hlutfall af mánaðarlaunum enda hafi starfsmanni verið kynnt það áður en sú vinna hófst. Það sama gildir um reglubundna vinnu vaktavinnumanna, að uppfylltum sömu skilyrðum, óháð því hvenær sólarhrings sú vinna fer fram.

*Því er beint til sveitarfélaga / stofnana að setja sér nánari reglur varðandi yfirvinnu og hvenær sé rétt að ræða endurskoðun á starfshlutfalli enda sé yfirvinna reglubundin eða fyrirséð.*

*Grein 2.3.6 breytist á samningstíma. Ofangreint gildir frá 1. nóvember 2024.*

**2.5 BAKVAKTIR**

**Grein 2.5.2 breytist á samningstíma. Eftirfarandi gildir til 31. október 2024:**

- 2.5.2 Starfsmaður á rétt á frí í stað greiðslu álags fyrir bakvakt. 20 mínútna frí jafngildir 33,33% vaktaálagi, 27 mínútna frí jafngildir 45% vaktaálagi, 54 mínútna frí jafngildir 90% vaktaálagi.

*Grein 2.5.2 breytist á samningstíma. Ofangreint gildir til 31. október 2024.*

**Grein 2.5.2 breytist á samningstíma. Eftirfarandi gildir frá 1. nóvember 2024:**

- 2.5.2 Starfsmaður á rétt á frí í stað greiðslu álags fyrir bakvakt. 20 mínútna frí jafngildir 33,33% vaktaálagi, 27 mínútna frí jafngildir 45% vaktaálagi, 72 mínútna frí jafngildir 120% vaktaálagi og 99 mínútna frí jafngildir 165% vaktaálagi.

*Grein 2.5.2 breytist á samningstíma. Ofangreint gildir frá 1. nóvember 2024.*

**Grein 2.5.4 um reglubundna bakvakt breytist á samningstíma. Eftirfarandi gildir til 31. október 2024:**

- 2.5.4 Fyrir reglubundna bakvakt, sem skipulögð er allt árið, skal veita frí sem svarar 1 klst. fyrir hverjar 15 klst. á bakvakt að hámarki þó 80 klst. Frí þetta skal veita hlutfallslega miðað við starfshlutfall og starfstíma.

*Einungis er hægt að fá 80 stunda frí vegna þessa ákvæðis.*

*Grein 2.5.4 breytist á samningstíma. Ofangreint gildir til 31. október 2024.*

**Grein 2.5.4 um reglubundna bakvakt breytist á samningstíma. Eftirfarandi gildir frá 1. nóvember 2024:**

- 2.5.4 Fyrir reglubundna bakvakt skal veita frí sem svarar mest 80 klst. fyrir hverjar 1200 klst. á bakvakt. Frí þetta skal veita hlutfallslega miðað við starfshlutfall og starfstíma.

*Bakvaktfrí er að hámarki 80 stundir vegna ákvæðis 2.5.4 þótt bakvaktastundir séu fleiri en 1200. Leitast skal við að taka bakvaktfrí samhliða ávinnslu og svo fljótt sem unnt er.*

*Grein 2.5.4 breytist á samningstíma. Ofangreint gildir frá 1. nóvember 2024.*

## 2.6 VAKTAVINNA

**Skýringatexti efst við gr. 2.6 um vaktavinnu fellur niður.**

**Grein 2.6.1 breytist og hljóði svo:**

- 2.6.1 Þeir sem vinna á reglubundnum vöktum, skulu fá álag fyrir unnin störf á þeim tíma er fellur utan venjulegs dagvinnutímabils skv. gr. 2.2.1.

*Ef skipulagður vinnutími starfsmanns er að jafnaði 20% eða meira utan dagvinnumarka telst hann vaktavinnumaður.*

*Þeir sem vinna á reglubundnum vöktum teljast vaktavinnufólk. Vaktavinnufólk teljast þeir sem hafa vinnuskyldu sem skipt er niður samkvæmt fyrir fram ákveðnu fyrirkomulagi þar sem starfsmaður vinnur á mismunandi vöktum á tilteknu tímabili sem mælt er í dögum eða vikum, þannig að vikulegir frídagar þess flytjast til, jafnvel þótt daglegur vinnutími sé alltaf hinn sami.*

**Grein 2.6.2 um vaktskrá breytist og hljóði svo:**

- 2.6.2 Vaktskrár

Þar sem unnið er á reglubundnum vöktum skal leggja fram drög að vaktskrá, sem sýnir væntanlegan vinnutíma hvers starfsmanns, sex vikum áður en hún tekur gildi. Endanleg vaktskrá skal lögð fram mánuði áður en fyrsta vakt samkvæmt skránni hefst, nema samkomulag sé við starfsmann um skemmri frest.

Krefjst starfsemi stofnunar breytingar á vaktskrá skal hún gerð með samþykki starfsmanns. Ef vaktskrá er breytt með skemmri fyrirvara en 24 klst., skal viðkomandi starfsmanni greitt breytingargjald sem nemur 2% af mánaðarlaunum í hverjum launaflokki og þrepi. Sé fyrirvarinn 24-168 klst. (ein vika) skal greiða breytingargjald sem nemur 1,3% af mánaðarlaunum í hverjum launaflokki og þrepi. Hér er eingöngu átt við breytingu á skipulagðri vakt en ekki aukavakt.

Taki starfsmaður vakt umfram vinnuskyldu, með minna en 24. klst. fyrirvara á tímabilinu kl. 17:00-24:00 á föstudögum, kl. 24:00-08:00 mánudaga til föstudaga, kl. 00:00-24:00 laugardaga, sunnudaga og sérstaka frídaga, sbr. gr. 2.1.4.2 miðað við 8 klst. vakt, skal greiða breytingargjald sem nemur 1,3% af mánaðarlaunum í hverjum launaflokki og þrepi og hlutfallslega fyrir lengri eða styttri vaktir.

### **Grein 2.6.7 um jöfnun vinnuskila breytist á samningstíma. Eftirfarandi gildir til 31. október 2024:**

#### 2.6.7 Jöfnun vinnuskila

Árleg vinnuskylda vaktavinnufólks sem vinnur á reglubundnum vöktum skal að jafnaði vera sú sama og hjá dagvinnufólki. Vinnuskylda vaktavinnufólks lækkar því um 7,2 vinnuskyldustundir miðað við fullt starf vegna sérstakra frídaga og stórhátíðardaga, skv. gr. 2.1.4.2, sem falla á mánudag til föstudags að undanskildum aðfangadegi og gamlársdegi sem skal vera 3,6 klukkustundir fyrir hvorn dag miðað við fullt starf. Að jafnaði skal taka út lækkun á vinnuskilum vegna sérstakra frídaga innan tímabils vaktskrár. Óski starfsmaður eftir því að safna upp vinnuskilum vegna sérstakra frídaga og stórhátíðardaga skal hann tilkynna sínum yfirmanni um það fyrir framlagningu vaktskrár þegar ávinnsla á sér stað. Yfirmanni er skylt að verða við óskum starfsmanns enda verði því viðkomið vegna starfsemi stofnunar. Vinna sem fellur á sérstaka frídaga og stórhátíðardaga skal auk þess launa með álagi skv. gr. 1.6.1.

*Með reglubundnum vöktum er átt við vaktir sem skipulagðar eru alla daga að meðtöldum sérstökum frídögum og stórhátíðardögum. Í þeim tilvikum þar sem stofnun er lokuð á sérstökum frídegi eða stórhátíðardegi fær starfsmaður sem á vakt þann dag skv. skipulagðri vaktskrá frí sem vaktinni nemur í stað lækkunar vinnuskyldu og að teknu tilliti til lengdar vaktar.*

*Grein 2.6.7 breytist á samningstíma. Ofangreint gildir til 31. október 2024.*

### **Grein 2.6.7 um jöfnun vinnuskila breytist á samningstíma. Eftirfarandi gildir frá 1. nóvember 2024:**

#### 2.6.7 Jöfnun vinnuskila

Árleg vinnuskylda vaktavinnufólks sem vinnur á reglubundnum vöktum skal að jafnaði vera sú sama og hjá dagvinnufólki. Vinnuskylda vaktavinnufólks lækkar því um 7,2 vinnuskyldustundir miðað við fullt starf vegna sérstakra frídaga og stórhátíðardaga, skv. gr. 2.1.4.2, sem falla á mánudag til föstudags að undanskildum aðfangadegi og gamlársdegi sem skal vera 3,6 klukkustundir fyrir hvorn dag miðað við fullt starf. Að jafnaði skal taka út lækkun á vinnuskilum vegna sérstakra frídaga innan tímabils vaktskrár. Óski starfsmaður eftir því að safna upp vinnuskilum vegna sérstakra frídaga og stórhátíðardaga skal hann tilkynna sínum yfirmanni um það fyrir framlagningu vaktskrár þegar ávinnsla á sér stað. Yfirmanni er skylt að verða við óskum starfsmanns enda verði því viðkomið vegna

starfsemi stofnunar. Í þeim tilvikum þar sem vinnuskil vegna sérstakra frídaga og stórhátíðardaga flytjast á milli mánaða skal halda utan um það og starfsfólk upplýst reglulega. Vinna sem fellur á sérstaka frídaga og stórhátíðardaga skal auk þess launa með álagi skv. gr. 1.6.1.

*Með reglubundnum vöktum er átt við vaktir sem skipulagðar eru alla daga að meðtöldum sérstökum frídögum og stórhátíðardögum. Í þeim tilvikum þar sem stofnun er lokuð á sérstökum frídegi eða stórhátíðardegi fær starfsmaður sem á vakt þann dag skv. skipulagðri vaktskrá frí sem vaktinni nemur í stað lækkunar vinnuskyldu og að teknu tilliti til lengdar vaktar.*

*Grein 2.6.7 breytist á samningstíma. Ofangreint gildir frá 1. nóvember 2024.*

### **Grein 2.6.8 um vægi vinnuskyldu breytist á samningstíma. Eftirfarandi gildir til 31. október 2024.**

#### 2.6.8 Vægi vinnuskyldustunda vaktavinnufólks

Vinnuskyldustundir vaktavinnufólks utan dagvinnumarka skv. skipulagðri vaktskrá og innan vinnutímaskyldu hafa ólíkt vægi við útreikning vinnuskila. Vinnuskyldustundir sem greiddar eru með 33,33% og 55% vaktaálagi skv. gr. 1.6.1 hafa vægið 1,05 þannig að fyrir hverjar 60 mínútur reiknast 63 mínútur. Vinnustundir sem greiddar eru með 65% og 75% vaktaálagi skv. gr. 1.6.1 hafa vægið 1,2 þannig að fyrir hverjar 60 mínútur reiknast 72 mínútur. Þrátt fyrir framangreint skulu vinnuskil starfsmanns í fullu starfi aldrei fara undir 32 vinnustundir á viku að jafnaði (að meðaltali á launatímabili) og hlutfallslega miðað við starfstíma og starfshlutfall.

*Grein 2.6.8 breytist á samningstíma. Ofangreint gildir til 31. október 2024.*

### **Grein 2.6.8 um vægi vinnuskyldu breytist á samningstíma. Eftirfarandi gildir frá 1. nóvember 2024:**

#### 2.6.8 Vægi vinnuskyldustunda vaktavinnufólks

Vinnuskyldustundir vaktavinnufólks utan dagvinnumarka skv. skipulagðri vaktskrá og innan vinnutímaskyldu hafa ólíkt vægi við útreikning vinnuskila. Vinnuskyldustundir sem greiddar eru með 33,33% og 55% vaktaálagi skv. gr. 1.6.1 hafa vægið 1,05 þannig að fyrir hverjar 60 mínútur reiknast 63 mínútur. Vinnustundir sem greiddar eru með 65% og 75% vaktaálagi skv. gr. 1.6.1 hafa vægið 1,2 þannig að fyrir hverjar 60 mínútur reiknast 72 mínútur. Þrátt fyrir framangreint skulu vinnuskil starfsmanns í fullu starfi aldrei fara undir 32 vinnustundir á viku að jafnaði (að meðaltali á launatímabili) og hlutfallslega miðað við starfstíma og starfshlutfall.

Vinnuskyldustundir sem greiddar eru með 120% vaktaálagi skv. gr. 1.6.1 hafa vægið 1,05 á tímabilinu 08:00-24:00 og vægið 1,2 á tímabilinu 00:00 - 08:00. Vinnuskyldustundir sem greiddar eru með 165% vaktaálagi hafa vægið 1,20.

*Grein 2.6.8 breytist á samningstíma. Ofangreint gildir frá 1. nóvember 2024.*

### **2.6.9 (um starfsfólk í vaktavinnu sem ekki hefur sérstaka matar- og kaffitíma) fellur niður og ný grein um vaktarhvata verður grein 2.6.9.**

**Grein 2.6.9 (gr. 2.6.10 í fylgiskjali 3) um vaktahvata er ný grein og breytist á samningstíma. Eftirfarandi gildir til 31. október 2024.**

## 2.6.9 Vaktahvati

Starfsfólk sem vinnur vaktavinnu og uppfyllir skilyrði greinarinnar fær greiddan vaktahvata með eftirfarandi hætti.

Vaktahvati greiðist sem hlutfall mánaðarlauna vegna fjölbreytileika og fjölda vakta á launatímabili samkvæmt skipulögðum vöktum innan vinnutímaskyldu. Lágmarksfjöldi vinnuskyldustunda á hverju launatímabili utan dagvinnumarka (á 33,33%, 55%, 65% og 75% álagi) eru 42 vinnuskyldustundir. Vaktir eru flokkaðar í fjórar tegundir; dagvaktir, kvöldvaktir (33,33% álag), næturvaktir á virkum dögum (65% álag) og helgarvaktir (55% og 75% álag). Þá skal lágmarksfjöldi vinnuskyldustunda í hverri tegund vakta vera 15 vinnuskyldustundir. Starfsmaður þarf að standa vaktir í tveimur til fjórum tegundum vakta, 14 sinnum eða oftar til þess að njóta vaktahvata.

Hlutfall vaktahvata miðast við eftirfarandi töflu.

Fjöldi vakta	Tegundir vakta			
	1	2	3	4
19		10,0%	12,5%	12,5%
18		7,5%	10,0%	12,5%
17		7,5%	10,0%	12,5%
16		2,5%	7,5%	12,5%
15		2,5%	2,5%	10,0%
14			2,5%	7,5%

*Grein 2.6.10 breytist á samningstíma. Ofangreint gildir til 31. október 2024.*

**Grein 2.6.9 (gr. 2.6.10 í fylgiskjali 3) um vaktahvata breytist á samningstíma. Eftirfarandi gildir frá 1. nóvember 2024:**

## 2.6.9 Vaktahvati

Starfsfólk sem vinnur vaktavinnu og uppfyllir skilyrði greinarinnar fær greiddan vaktahvata með eftirfarandi hætti. Vaktahvati greiðist sem hlutfall greiddra mánaðarlauna vegna fjölbreytileika og fjölda vakta á þremur síðustu uppgjörstímabilum samkvæmt skipulögðum vöktum innan vinnutímaskyldu. Lágmarksfjöldi vinnuskyldustunda á því tímabili utan dagvinnumarka (á 33,33%, 55%, 65% og 75% álagi) eru 126 vinnuskyldustundir. Vaktir eru flokkaðar í fjórar tegundir; dagvaktir, kvöldvaktir (33,33% álag), næturvaktir á virkum dögum (65% álag) og helgarvaktir (55% og 75% álag). Þá skal lágmarksfjöldi vinnuskyldustunda í hverri tegund vakta vera 45 vinnuskyldustundir. Starfsmaður þarf að standa vaktir í tveimur til fjórum tegundum vakta, 14 sinnum eða oftar að meðaltali á uppgjörstímabili til þess að njóta vaktahvata.

Þegar starfsfólk hefur störf reiknast vaktahvati fyrir eitt uppgjörstímabil á fyrsta og öðrum mánuði í starfi þannig að lágmarksfjöldi stunda utan dagvinnumarka eru 42 og lágmarksfjöldi vinnuskyldustunda í hverri tegund vakta eru 15. Eftir þrjá mánuði í starfi reiknast vaktahvati skv. 1. mgr. Það sama á við þegar samið er um breytingar á starfshlutfalli sem nema 40% eða meira til hækkunar eða lækkunar.

Hlutfall vaktahvata miðast við eftirfarandi töflu.

FJÖLDI VAKTA	TEGUNDIR VAKTA			
	1	2	3	4
19		10,0%	12,5%	12,5%
18		7,5%	12,5%	12,5%
17		7,5%	10,0%	12,5%
16		2,5%	7,5%	12,5%
15		2,5%	2,5%	10,0%
14			2,5%	7,5%

Vaktahvati reiknast miðað við þrjú síðustu uppgjörstímabil. Með uppgjörstímabili er átt við uppgjörstímabil breytilegra launa á starfsstaðnum. Vaktahvati greiddur 1. apríl miðast því við uppgjörstímabil til greiðslu í útborgun launa 1. febrúar, 1. mars og 1. apríl og vaktahvati greiddur 1. maí við launatímabil til greiðslu 1. mars, 1. apríl og 1. maí.

Grein 2.6.10 breytist á samningstíma. Ofangreint gildir frá 1. nóvember 2024.

### 3 KAFLI: HLÉ FRÁ VINNU – FÆÐI OG MATSTOFA

**Kafli 3 um matar- og kaffitíma gildir óbreyttur til 31. október 2024.**

**Kafli 3 um matar- og kaffitíma verður kafli 3 um hlé frá vinnu breytist í heild sinni og hljóði svo frá 1. nóvember 2024.**

#### 3.1 HLÉ FRÁ VINNU

3.1.1 Starfsmönnum er heimilt að neyta matar og drykkja við vinnu sína þegar því verður við komið starfsins vegna og slík hlé eru hluti af virkum vinnutíma.

3.1.2 Heimilt er með samkomulagi stjórnenda stofnunar og einfalds meirihluta þeirra starfsmanna sem málið varðar að ákvarða dagleg hlé sem eru á forræði starfsmanna. Ákvörðuð lengd þeirra lengir daglega viðveru starfsmanna samsvarandi enda teljast slík hlé ekki til virks vinnutíma.

Á þeim stofnunum þar sem hlé eru ákvörðuð með slíku samkomulagi og unnið er í hléinu að beiðni yfirmanns er greitt fyrir það með yfirvinnukaupi.

*Sjá nánar leiðbeiningar samningsaðila um hlé frá vinnu fylgiskjal 4.*

*Þeir einstaklingar og/eða starfahópar sem fyrir gildistöku þessa samnings fengu að jafnaði reglubundið greiðslur skv. gr. 3.2. í eldri samningi, skulu halda sambærilegum greiðslum sbr. bókun 2.*

#### 3.2 FÆÐI OG MATSTOFA

3.2.1 Starfsfólk sem er við störf á föstum vinnustað skulu hafa aðgang að matstofu eftir því sem við verður komið. Matstofa telst sá staður í þessu tilviki, þar sem borinn er fram heitur og/eða kaldur matur, aðfluttur eða eldaður á staðnum. Húsakynni og aðstaða skulu vera í samræmi við kröfur viðkomandi heilbrigðisyrivalda. Starfsmenn greiði efnisverð matarins, en annar rekstrarkostnaður greiðist af viðkomandi stofnun.

3.2.2 Á þeim vinnustöðum, þar sem ekki eru aðgangur að matstofu, sbr. grein 3.2.1, skal reynt að tryggja starfsmönnum aðgang að nærliggjandi mötuneyti á vegum vinnuveitanda.

3.2.3 Ef keyptur er matur hjá öðrum aðila en greint er í gr. 3.2.2 skulu starfsmenn greiða kr. 862 fyrir hverja máltíð frá og með 1. janúar ár hvert. Upphæðin skal taka breytingum í samræmi við breytingu á matar- og drykkjavörulið (01) í vísitölu neysluverðs m.v. vísitölu októbermánaðar ár hvert. Grunnvísitala er (309,1 stig) í október 2023. Reynist kaupverð vinnuveitanda á aðkeyptum mat lægra en sem nemur þessari upphæð skal miða greiðslur starfsmanna við það.

3.2.4 Starfsmenn sem ekki njóta mataraðstöðu samkvæmt greinum 3.2.1 - 3.2.3. skulu fá það bætt með fæðispeningum, sem nema kr. 862 fyrir hvern vinnuskyldudag enda sé dagleg vinnuskylda starfsmanns 6 klukkustundir eða lengri.

Upphæðin skal síðan taka breytingum 1. janúar ár hvert í samræmi við breytingu á matar- og drykkjavörulið (01) í vísitölu neysluverðs m.v. vísitölu októbermánaðar ár hvert. Grunnvísitala er (309,1 stig) í október 2023.

### 3.3 FRÍTT FÆÐI

- 3.3.1 Starfsfólk í eldhúsum skal hafa frítt fæði.
- 3.3.2 Starfsfólki sem gert er skylt, starfs síns vegna, að matast með heimilismönnum/börnum, skulu hafa frítt fæði.

## 4 KAFLI: ORLOF

### 4.1 LENGÐ ORLOFS

#### Grein 4.1.1 um lágmarksorlof breytist á samningstíma. Eftirfarandi gildir til 31. október 2024.

- 4.1.1 Lágmarksorlof skal vera 240 vinnuskyldustundir (30 dagar) miðað við fullt ársstarf. Starfsmaður sem hefur unnið hluta af fullu starfi eða hluta úr ári skal fá orlof 20 vinnuskyldustundir fyrir fullt mánaðarstarf.

*Grein 4.1.1 breytist á samningstíma. Ofangreint gildir til 31. október 2024.*

#### Grein 4.1.1 um lágmarksorlof breytist á samningstíma. Eftirfarandi gildir frá 1. nóvember 2024:

- 4.1.1 Orlof skal vera 30 dagar (216 vinnuskyldustundir miðað við 36 virkar vinnustundir á viku) miðað við fullt ársstarf. Ávinnsla orlofs skal vera hlutfallsleg miðað við starfshlutfall og starfstíma starfsmanns.

*Grein 4.1.1 breytist á samningstíma. Ofangreint gildir frá 1. nóvember 2024.*

### 4.2 ORLOFSÁRIÐ

#### Grein 4.3.1 um orlofsárið breytist á samningstíma. Eftirfarandi gildir til 31. október 2024.

- 4.3.1 Orlofsárið er frá 1. maí til 30. apríl. Töku áunnins orlofs skal alltaf lokið fyrir lok orlofsársins, sjá þó gr. 4.6.1 og 4.6.2.

*Samkvæmt orlofslögum nr. 30/1987 er framsal orlofslauna og flutningur þeirra milli orlofsára óheimill. Samkvæmt 5. gr. laga um orlof nr. 30/1987 ber vinnuveitandi ábyrgð á að skipuleggja orlofstöku starfsfólks síns að teknu tilliti til óska þess eins og unnt er vegna starfseminnar. Í þeim tilfellum sem starfsfólki hefur ekki verið gert kleift að taka uppsafnað orlof samkvæmt skýringartexta við gr. 4.3.1, verði þeim aðstæðum mætt af hálfu vinnuveitenda með gerð skriflegs samkomulags við viðkomandi starfsfólk um hvernig töku uppsafnaðs orlofs verði lokið. Gerð samkomulags skal lokið eigi síðar en 15. júní 2023. Náist slíkt samkomulag ekki, skal vinnuveitandi tilkynna starfsmanni eigi síðar en 1. júlí 2023 hvernig orlofstöku skuli háttáð þannig að tryggt verði að starfsmaður nái að ljúka töku uppsafnaðs orlofs.*

*Grein 4.3.1 breytist á samningstíma. Ofangreint gildir til 31. október 2024.*

#### Grein 4.3.1 um orlofsárið breytist á samningstíma. Eftirfarandi gildir frá 1. nóvember 2024:

- 4.3.1 Orlofsárið er frá 1. maí til 30. apríl. Töku áunnins orlofs skal alltaf lokið fyrir lok orlofsársins, sjá þó gr. 4.6.1 og 4.6.2.

*Samkvæmt orlofslögum nr. 30/1987 er framsal orlofslauna og flutningur þeirra milli orlofsára óheimill.*

*Samtal skal fara fram eigi síðar en í janúar ár hvert milli starfsmanns og yfirmanns um hvernig töku orlofs skuli lokið innan orlofsársins.*

*Grein 4.3.1 breytist á samningstíma. Ofangreint gildir frá 1. nóvember 2024.*

## 10 STARFSÞRÓUN OG SÍMENNTUN

### 10.1 STARFSÞJÁLFUN Á VEGUM STOFNUNAR

10.1.1 Starfsmenn sem sækja fræðslu- eða þjálfunarnámskeið samkvæmt beiðni stofnunar sinnar skulu halda reglubundnum launum á meðan og fá greiddan kostnað samkvæmt ákvæðum 5. kafla.

Ef fræðsla og þjálfun eru sótt samkvæmt símenntunaráætlun að ósk yfirmanns utan dagvinnutímabils skal greidd yfirvinna.

*Falli ferðatími vegna námskeiða utan dagvinnumarkna skal sveitarfélag og starfsmaður ná samkomulagi fyrirfram um hvernig greitt verði fyrir ferðir og ferðatíma. Heimilt er að semja um frítíma í stað greiðslu fyrir ferðatíma.*

10.1.2 Starfsmaður skal eiga rétt á launalausum leyfi, ef honum býðst tækifæri og/eða styrkur til að vinna að tilteknu verkefni, m.a. tengdu starfi hans. Slíkt leyfi skal tekið í samráði við yfirmann stofnunar.

10.1.3 Símenntun (áður 10.2.1)

Starfsmenn skulu eiga kost á að sækja reglubundna þjálfun, námskeið eða annars konar fræðslu til að viðhalda og auka við þekkingu sína og færni. Gert er ráð fyrir að allar stofnanir og/eða starfseiningar setji fram símenntunaráætlun fyrir starfsmenn sína árlega til að tryggja eðlilega starfsþróun og símenntun starfsmanna. Heimilt er forstöðumanni að meta símenntun sem sótt er með stuðningi vísindasjóðs og/eða starfsmenntunarsjóðs sem hluta af þátttöku í símenntunaráætlun stofnunar/starfseiningar.

Árlega skal þátttaka starfsmanna í símenntunaráætlun næstliðins árs metin. Þeir starfsmenn sem tekið hafa fullnægjandi þátt í áætluninni fá persónuálag skv. gr. 10.2.2, enda hafi vinnuveitandi gert þeim kleift að taka þátt í áætluninni.

10.1.4 Starfsþróunarsamtal áður 10.2.1.2

Starfsmaður á rétt á starfsþróunarsamtali einu sinni á ári. Starfsmaður getur óskað eftir starfsþróunarsamtali og skal það veitt svo fljótt sem auðið er.

*Í starfsþróunarsamtali er farið yfir starfslýsingu, frammistöðu, markmið og hugsanlegar breytingar á störfum. Þá skulu einnig ræddar þarfir og óskir starfsmanns til þjálfunar og símenntunar og hvernig starfstengt nám geti nýst viðkomandi starfsmanni og vinnustaðnum.*

### PERSÓNUÁLAG

10.2.1 Starfsþróunarnámskeið

Starfsmenn sem ljúka starfstengdu námi og/eða námskeiðum sem eru sérsniðin að þörfum sveitarfélaga og kennd eru af fræðsluaðilum sem hlotið hafa viðurkenningu samkvæmt lögum um framhaldsfræðslu nr. 27/2010 eða lögum um framhaldsskóla nr. 92/2008, geta að hámarki fengið 2% persónuálag fyrir námið samkvæmt nánari reglum Starfsþróunarnefndar aðila. Skilyrt er að námið tengist starfi viðkomandi starfsmanns.

<https://www.samband.is/verkefning/kjara-og-starfsmannamal/starfsthrouarnefnd/>

Hækkun samkvæmt grein þessari skal taka gildi næstu mánaðamót eftir að starfsmaður leggur fram fullnægjandi gögnum um námslok.

## 10.2.2 Símenntun og starfsreynsla

Með vísan til greinar 10.1.3 skulu starfsmenn fá persónuálag vegna árlegrar þátttöku í símenntunaráætlun sem hér segir:

- 2% eftir 1 árs starf sem iðnaðarmaður eða vélstjóri.
- Samtals 4% eftir 5 ára starf sem iðnaðarmaður eða vélstjóri
- Samtals 6% eftir 9 ára starf sem iðnaðarmaður eða vélstjóri
- Samtals 8% eftir 15 ára starf sem iðnaðarmaður eða vélstjóri

Við mat á starfstíma hjá öðrum vinnuveitendum til persónuálags getur sveitarfélag krafist starfsmann um gögn sem staðfesta þann starfstíma (vinnuveitendavottorð). Hækkun vegna starfstíma kemur til framkvæmda næstu mánaðarmót eftir að fullnægjandi gögn hafa borist vinnuveitanda.

Telst hálfur mánuður og stærri brot úr mánuði sem heill mánuður. Öðrum dögum skal sleppt.

## 10.2.3 Menntun á framhaldsskólastigi

Hafi starfsmaður auk iðmenntunar eða stúdentsprófs sem metið hefur verið í starfsmati, annað lokapróf á framhaldsskólastigi, fær hann það metið til 2% persónuálags fyrir hverjar 100 fein, að hámarki 4%. Skilyrt er að námið nýtist í starfi viðkomandi starfsmanns og að einingar eru aldrei tvítaldar.

Hækkun samkvæmt grein þessari skal taka gildi næstu mánaðarmót eftir að starfsmaður leggur fram fullnægjandi gögn um námslok.

*Þeir sem þegar njóta persónuálags á grundvelli eldri ákvæða kjarasamningsins halda því meðan þeir starfa hjá viðkomandi sveitarfélagi.*

## 10.2.4 Meistarabréf

Iðnaðarmenn sem hafa meistararéttindi og /eða löggildingu til reksturs fá 4% þar sem ekki er gerð krafa um þá menntun til starfsins. Sama gildir um vélstjórpróf. Skilyrt er að námið sé á fjórða hæfniprepi og að það nýtist í starfi viðkomandi starfsmanns.

Hækkun samkvæmt grein þessari skal taka gildi næstu mánaðarmót eftir að starfsmaður leggur fram fullnægjandi gögn um námslok.

## 10.2.5 Grunnpróf á háskólastigi. Ekki er gerð krafa um háskólamenntun í starfið (ný grein).

Hafi starfsmaður, sem sinnir starfi þar sem ekki er gerð krafa um háskólamenntun, lokið háskólaprófi allt að 180 ECTS, er heimilt að meta nám hans til 2% persónuálags fyrir hverjar 30 ECTS einingar.

Sé þessi heimild nýtt ávinnur starfsmaðurinn sér ekki persónuálag samkvæmt gr. 10.2.1, 10.2.3 og 10.2.4.

Hækkun samkvæmt grein þessari getur mest orðið 12% og skal taka gildi næstu mánaðarmót eftir að starfsmaður leggur fram fullnægjandi gögn um námslok. Einingar eru aldrei tvítaldar.

*Tilgangur samningsaðila með greininni er að auka hvata til að meta háskólamenntun starfsmanna sem sinna störfum sem ekki krefjast háskólamenntunar. Mælt er með því að heimildin sé nýtt þegar hún er starfsmanni hagstæðari.*

- 10.2.6 Ljúki starfsmaður framhaldsnámi til annarrar háskólagráðu til viðbótar fyrstu háskólagráðu, sem tengist starfi hans, hækkar persónuálag hans um 8%.  
Hækkun skv. þessari grein á þó einungis við þegar námið er ekki metið í starfsmati eða leiðir til þess að starfsmaður flyst í annað starf.  
Hækkun samkvæmt grein þessari getur mest orðið 8% og skal taka gildi næstu mánaðamót eftir að starfsmaður leggur fram fullnægjandi gögn um námið. Einingar eru aldrei tvítaldar.

### LAUNAÐ NÁMSLEYFI

- 10.3.1 Heimilt er að veita starfsmanni, sem starfað hefur skv. þessum samningi samfelld í 3 ár, launað leyfi í samtals þrjú mánuði til þess að stunda viðurkennt nám sem veitir ákveðin starfsréttindi.  
Sveitarfélög geta sett nánari reglur um veitingu launaðra námsleyfa sem samræmast símenntunaráætlunum þeirra.  
Laun í námsleyfi miðist við föst laun, vaktaálag og meðaltal starfshlutfalls síðustu 3 ár samkvæmt ráðningarsamningi viðkomandi starfsmanns.
- 10.3.2 Umsóknir um námsleyfi skulu berast til vinnuveitanda sem metur hvort umsókn fellur undir reglur þessar.
- 10.3.3 Heimilt er að binda launað námsleyfi skilyrði um áframhaldandi starf hjá sveitarfélaginu að námi loknu þó aldrei lengur en 3 ár.

### LÖGBUNDIN STARFSRÉTTINDI

- 10.4.1 Próf sem lögum samkvæmt veita starfsmönnum sömu starfsréttindi eru jafngild án tillits til þess á hvaða tíma þau hafa verið tekin.

## 12 KAFLI: RÉTTUR STARFSMANNA VEGNA VEIKINDA EÐA SLYSA

### 12.2 RÉTTUR TIL LAUNA VEGNA VEIKINDA OG SLYSA

#### Grein 12.2.6 breytist og hljóði svo:

12.2.6 Í fyrstu viku veikinda- og slysaforfalla eða þann tíma sem svarar til einnar viku vinnuskyldu starfsmanns greiðast auk mánaðarlauna skv. gr. 1.1.1 í kjarasamningi, fastar greiðslur svo sem fyrir yfirvinnu, vaktahvata, vakta-, gæsluvakta- og óþægindaálag og greiðslur fyrir eyður í vinnutíma enda sé um að ræða fyrirfram ákveðinn vinnutíma samkvæmt reglubundnum vöktum eða reglubundinni vinnu starfsmanns sem staðið hefur í 12 almanaksmánuði eða lengur eða er ætlað að standa a.m.k. svo lengi.

*Í langtímaveikindum vaktavinnustarfsmanns (eftir fyrstu viku veikinda) á vinnustað sem ekki hefur fastar vaktarúllur allt árið heldur breytilegar milli mánaða að teknu tilliti til óska starfsmanna hverju sinni, þykir rétt að hafa eftirfarandi framkvæmd á föstum greiðslum sem koma til viðbótar mánaðarlaunum: Taka meðaltal af einingafjölda fastra greiðslna sem viðkomandi hefur fengið vegna skipulagðra vinnuskylduvakta síðustu 12 mánuði (að frádregnu orlofstímabili og launalausum tímabilum) og greiða samkvæmt því. Tekið er meðaltal allrar yfirvinnu þar með talið tilfallandi yfirvinnu skv. gr. 12.2.7.*

#### Grein 12.2.7 breytist og hljóði svo:

12.2.7 Eftir fyrstu viku veikinda- og slysaforfalla eða þann tíma sem svarar til einnar viku vinnuskyldu starfsmanns, skal hann auk launa sem greidd verða skv. gr. 12.2.6, fá greitt meðaltal þeirra yfirvinnustunda og breytingargjalda skv. gr. 2.6.2 sem hann fékk greiddar síðustu 12 mánaðarleg uppgjörstímabil yfirvinnu eða síðustu 12 heilu almanaksmánuðina. Við útreikning yfirvinnustunda samkvæmt þessari grein skal ekki telja með þær yfirvinnustundir sem greiddar hafa verið skv. gr. 12.2.6.

### 12.8 VEIKINDI BARNA YNGRI EN 13 ÁRA

#### Grein 12.8.1 um veikindi barna yngri en 13 ára breytist á samningstíma. Eftirfarandi gildir til 31. október 2024.

12.8.1 Foreldri, eða forsjámaður barns, á rétt á að vera frá vinnu í samtals 12 vinnudaga (96 vinnuskyldustundir miðað við fullt starf) á hverju almanaksári vegna veikinda barna sinna undir 13 ára aldri, enda verði annarri umönnun ekki við komið. Í þessum fjarvistum skal greiða starfsmanni dagvinnulaun og vaktaálag skv. reglubundinni varðskrá/vaktskrá. Réttur þessi hefur ekki áhrif á rétt starfsmanns skv. öðrum greinum.

Nýta má að hluta eða að öllu leyti framangreindan rétt vegna barna undir 16 ára aldri í alvarlegum tilvikum sem leiða til sjúkrahúsvistar.

*Grein 12.8.1 breytist á samningstíma. Ofangreint gildir til 31. október 2024.*

#### Grein 12.8.1 um veikindi barna yngri en 13 ára breytist á samningstíma. Eftirfarandi gildir frá 1. nóvember 2024:

12.8.1 Foreldri, eða forsjámaður barns, á rétt á að vera frá vinnu í samtals 12 vinnudaga (86,4 vinnuskyldustundir miðað við fullt starf) á hverju almanaksári vegna veikinda barna sinna undir 13 ára aldri, enda verði annarri umönnun ekki við komið. Í þessum fjarvistum skal greiða starfsmanni dagvinnulaun og vaktaálag

skv. reglubundinni varðskrá/vaktskrá. Réttur þessi hefur ekki áhrif á rétt starfsmanns skv. öðrum greinum. Nýta má að hluta eða að öllu leyti framangreindan rétt vegna barna undir 16 ára aldri í alvarlegum tilvikum sem leiða til sjúkráhusvistar.

*Grein 12.8.1 breytist á samningstíma. Ofangreint gildir frá 1. nóvember 2024.*

## 13 LAUNASEÐILL, FÉLAGSGJÖLD OG IÐGJALDAGREIÐSLUR

### 13.8 NÁMSSJÓÐUR

#### 13.8.1 Námssjóður

Launagreiðandi greiðir mánaðarlega framlag í námssjóð sem nemur 2,2 % af heildarlaunum starfsmanna. Úr sjóðnum er úthlutað til félagsmanna skv. reglum, sem gilda fyrir sjóðinn.

*Sjóðsgjald var 2,0% til 31. mars en frá 1.apríl 2024 er gjaldið 2,2%. Grein 13.8.1 er að finna í kjarasamningi Matvís. Sama breyting er gerð á kjarasamningi Rafiðnarsambands Íslands í grein 13.7.1. og kjarasamningi Félags vélstjóra og málmæknimanna í grein 12.17.1*

## 14. KAFLI: GILDISTÍMI OG SAMNINGSFORSENDUR

### 14.1 GILDISTÍMI

- 14.1.1 Gildandi kjarasamningar aðila með bókunum, fylgiskjölum og sérákvæðum framlengjast frá 1. apríl 2024 til 31. mars 2028 með þeim breytingum og fyrirvörum sem í samkomulagi þessu felst og fellur þá úr gildi án frekari fyrirvara.

### 14.2 ATKVÆÐAGREIÐSLA OG SAMNINGSFORSENDUR

- 14.2.1 Kjarasamningur þessi er gerður í kjölfar kjarasamninga á almennum vinnumarkaði í mars 2024. Komi til þess að launa- og forsendunefnd ASÍ og SA ákveði launa- eða kjarabreytingar vegna forsendubrests skulu aðilar taka upp viðræður um með hvaða hætti slík breyting gildi fyrir samning þennan. Slíkar breytingar skulu skila sambærilegum kjarabreytingum og á almennum markaði enda feli þær ekki í sér breytingar á kjörum sem þegar er að finna í kjarasamningi aðila.

Komi til þess að kjarasamningum á almennum markaði verði sagt upp á grundvelli forsenduákvæðis þeirra á gildistíma samnings þessa er hvorum aðila heimilt að segja samningi þessum upp með þriggja mánaða fyrirvara miðað við mánaðamót.

Samningsaðilar skulu bera samning þennan, ásamt bókunum og fylgiskjölum, upp til samþykktar. Hafi gagnaðila ekki borist tilkynning um niðurstöðu fyrir kl. 12:00 þann 15.07.2024 skoðast samningurinn samþykktur.

Reykjavík, 3.07.2024.

F.h. Sambands íslenskra sveitarfélaga með fyrirvara um samþykki stjórnar.

F.h. MATVÍS með fyrirvara samþykki félagsmanna.

F.h. RÍS með fyrirvara um samþykki félagsmanna.

F.h. VM með fyrirvara um samþykki félagsmanna.

## BÓKANIR

### BÓKANIR MEÐ KJARASAMNINGUM AÐILA

#### Bókun 1 [2024] Endurskoðun á störfum

Á samningstímanum eru aðilar sammála um að skoða mat á störfum félagsmanna í Matvís, Rafiðnaðarsambandi Íslands og Félags vélstjóra og málmæknimanna undir verkstjórn ríkissáttasemjara.

Fyrir 1. október 2024 verði skipaður starfshópur með tveimur fulltrúum frá Fagfélögum, tveimur fulltrúum frá Samninganefnd Sambands íslenskra sveitarfélaga og tveimur fulltrúum frá Verkefnastofu starfsmats.

Verkefni starfshópsins er að skoða gildandi mat á störfum viðkomandi stéttarfélaga hjá sveitarfélögum með hliðsjón af starfslýsingum þeirra.

Starfshópurinn skal ljúka störfum fyrir 1. febrúar 2025.

#### BÓKUN 2 [2024] Bókun vegna niðurfellingar á gr. 3.2

Þrátt fyrir niðurfellingu á gr. 3.2 eru samningsaðilar sammála um að þeir einstaklingar og/eða starfahópar sem voru með matar og kaffitíma í yfirvinnu sem hluta af vinnuskipulagi fyrir gildistöku kjarasamnings sem undirritaður var árið 2024 og hafa að jafnaði fengið reglubundið slíkar greiðslur skulu halda sambærilegum greiðslum sbr. eftirfarandi: Breytingar skulu ekki leiða til launalækkunnar og gæta skal jafnræðis innan starfahópa.

- 3.2.1 Sé unnin yfirvinna, skulu vera matartímar 1 klst. kl. 19:00 - 20:00 að kvöldi, kl. 03:00 - 04:00 að nóttu og á tímabilinu 11:30 - 13:30 á frídögum skv. gr.2.1.4. Matartímar þessir á yfirvinnutímabili teljast til vinnutímans.
- 3.2.2 Sé unnin yfirvinna eða aukavakt, skulu kaffitímar vera kl. 21:00-21:20, 24:00-00:20, 05:40-06:00 og síðustu 15 mín. fyrir dagvinnumörk. Kaffi og matartímar í yfirvinnu á tímabilinu 08:00-17:00 skulu vera þeir sömu og í dagvinnu.

#### BÓKUN 5 [2024] Skoðun á tengitöflu við starfsmat

Aðilar eru sammála um að halda áfram greiningu á launa- og tengitöflu sem hófst vorið 2024. Vinnuhópur allra aðila starfsmats sveitarfélaga verði skipaður í þetta verkefni eigi síðar en í ágúst 2024 til að:

- Greina dreifingu stöðugilda eftir starfsmatsstigum.
- Skoða mögulegar leiðir til að tengja starfsmatsstig við launatöflu.
- Kostnaðarmeta hugmyndir að breytingum á tengitöflu/tengireglu.
- Útfæra áætlun um mögulegar breytingar á tengitöflu/tengireglu í skrefum.
- Skoða hvort nýta megi mögulegar hækkningar vegna launatöfluauka á kjarasamningstímabilinu 1. apríl 2024 til 31. mars 2028 í verkefnið.
- Vinnuhópur aðila skilar niðurstöðu til samninganefnda.

## **BÓKUN 6 [2024]**

### **Þróun samstarfs við starfsmatskerfið SAMSTARF**

Samningsaðilar eru sammála um það langtímamarkmið að greiða sömu laun fyrir jafnverðmæt störf samkvæmt þeim kjarasamningum sem Samband íslenskra sveitarfélga gerir fyrir hönd þeirra sveitarfélaga sem veita til þess umboð sitt. Samningsaðilar hafa í því skyni metið störf á grundvelli starfsmatskerfis samningsaðila (SAMSTARF).

Samningsaðilar eru sammála um nauðsyn þess að vinna áfram að umbótum og þróun á starfsmatskerfinu SAMSTARF og umgjörð þess. Aðilar hafa undanfarin ár unnið markvisst að því að skýra umgjörð faglegrar stýringar við starfsmatskerfið til að tryggja að kerfið nái þeim markmiðum sem því er ætlað ásamt því að kerfið þróist og samræmist þeim kröfum sem gerðar eru til þess á hverjum tíma.

Í þeim tilgangi að vinna að áframhaldandi þróun starfsmatskerfisins í þágu virðismats þeirra mikilvægu starfa sem starfsfólk sveitarfélaga vinnur, sameiginlegra hagsmuna starfsfólks og starfseminnar af virðismati starfa og jafnframt að tryggja aðkomu hagsmunaaðila og skýra hlutverk þeirra þar sem þörf krefur, er lagt til að aðilar komi sér saman um utanaðkomandi aðila sem verði falið að gera úttekt annars vegar á verkferlum, vinnulagi, viðtalsferlum, samþykktarferlum og öðrum ferlum starfsmatsins með tilliti til markmiða kerfisins um jöfn laun fyrir jafn verðmæt störf og hins vegar á stjórnskipulagi kerfisins og getu þess til að mæta hagsmunum hagaðila.

Markmiðið með úttektinni er að greina áskoranir og tækifæri til frekari þróunar starfsmatskerfisins þannig að stuðla megi að betra og skilvirkara verklagi við mat á störfum og tryggja faglegt sjálfstæði kerfisins. Einnig skal meta þörf fyrir breytingar á umgjörð og stjórnskipulagi kerfisins, hlutverk faglegrar stjórnar og þess að koma á sameiginlegri framkvæmdastjórn hagaðila.

Unnið verði að ofangreindu á gildistíma kjarasamnings í samstarfi við önnur stéttarfélög sem samið hafa um starfsmatskerfið SAMSTARF og í samstarfi Reykjavíkurborgar og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Undirbúningur hefjist við gildistöku samninga og úttekt verði hafin fyrir 1. janúar 2025. Stefnt skal að því að úttekt verði lokið eigi síðar en 1. janúar 2026 og skal afrakstur úttektar vera grundvöllur að tímasettum og kostnaðarmetnum aðgerðum í starfsemi og skipulagi SAMSTARFS. Fagleg stjórn SAMSTARF skal bera ábyrgð á framkvæmd þessari og hefur heimild til sinna þeim nauðsynlegu þáttum sem verkefnið kallar á.

Kostnaður af úttekt skiptist milli Reykjavíkurborgar og Sambands íslenskra sveitarfélaga.

## **BÓKUN 7 [2024]**

### **Um hlutverk stýrihóps**

Komi til þess að breytingar á betri vinnutíma dags. 7. maí 2024 nái ekki þeim markmiðum sem lagt er upp með eða álitæfni verða varðandi túlkun á breytingum, þá skal stýrihópur aðila sem skrifuðu undir breytingarnar, fjalla um málið og finna lausn. Stýrihópur mun starfa út samningstímann, 2024-2028.

Þær leiðbeiningar og eftir atvikum úrlausnarefni sem stýrihópurinn gaf út árið 2021 samhliða innleiðingu á „Betri vinnutíma“ heldur gildi sínu eftir því sem við á. Stýrihópurinn mun koma saman í september 2024 og uppfæra leiðbeiningarnar og eftir atvikum úrlausnarefnin með tilliti til þeirra breytinga sem urðu í kjarasamningum árið 2024.

**Eldri bókanir:****BÓKUN 3 [2019]  
Undanþága frá næturvöktum og/eða bakvöktum**

Aðilar eru sammála um að ákvæði kjarasamnings sem fela í sér undanþágu starfsmanna er náð hafa 55 ára aldri frá næturvöktum og/eða bakvöktum, ef þeir óska þess, feli ekki í sér brot gegn lögum nr. 86/2018, um jafna meðferð á vinnumarkaði. Hið sama á við um ákvæði um lengri uppsagnarfrest fyrir starfsmenn 55 ára og eldri sem hafa starfað í a.m.k. 10 ár samfelld hjá sömu stofnun.

Við vissar aðstæður getur mismunandi meðferð vegna aldurs verið réttlætunleg þegar færð eru fyrir henni málefnaleg rök sem helgast af lögmætu markmiði, þ.m.t. stefnu í atvinnumálum eða öðrum markmiðum er varða vinnumarkað, að gættu meðalhófi.

Með kjarasamningsbundum ákvæðum um undanþágu frá næturvöktum og bakvöktum eftir tiltekinn aldur er verið að horfa til þeirra sjónarmiða sem rannsóknir hafa sýnt fram á að það verði erfiðara fyrir starfsfólk eftir því sem það eldist að sinna næturvöktum þar sem það teki lengri tíma að jafna sig líkanlega vegna samspils milli vinnufyrirkomulags, svefns og dægursveiflu.

Ákvæði um lengri uppsagnarfrest með hækkandi lífaldri byggja á þeim sjónarmiðum að þegar stutt er í starfslok getur starfsfólk átt erfiðara með að finna aðra vinnu við hæfi. Evrópudómstóllinn hefur gefið aðildarríkjum nokkuð svigrúm til að ákveða að hvaða markmiðum skuli stefnt og hvaða aðgerðir séu heppilegar til að ná því markmiði. Samningsaðilar eru sammála um að markmiðin að baki þessum ákvæðum eru málefnaleg og ganga ekki lengra en nauðsynlegt er.

**BÓKUN 5 [2014]  
Um jafnræði í launum óháð stéttarfélagsaðild**

Aðilar eru sammála um að beina þeim tilmælum til sveitarfélaga að jafnræðis verði gætt í launum þeirra starfsmanna sem vinna sömu og/eða sambærileg störf innan sveitarfélags, óháð stéttarfélagsaðild.

---

## FYLGISKJÖL OG VIÐAUKAR

---

### FYLGISKJAL 1: LAUNATÖFLUR OG TENGITAFLA VIÐ STARFSMAT

Mánaðarlaun þeirra sem gegna fullu starfi, skulu greidd samkvæmt eftirtöldum launatöflum:

Launatafla 1: Gildir frá 1. apríl 2024 til 31. mars 2025.

Launatafla 2: Gildir frá 1. apríl 2025 til 31. mars 2026.

Launatafla 3: Gildir frá 1. apríl 2026 til 31. mars 2027.

Launatafla 4: Gildir frá 1. apríl 2027 til 31. mars 2028.

Skjal sótt af '9999999999' dags: 02.05 2026

<b>MATVÍS, RSÍ OG VM</b>									
<b>Launatafla 1</b>									
<b>Gildir frá 1. apríl 2024 til 31. mars 2025</b>									
L.fl.	Grunn-laun	Persónu-álag 2%	Persónu-álag 4%	Persónu-álag 6%	Persónu-álag 8%	Persónu-álag 10%	Persónu-álag 12%	Persónu-álag 14%	Persónu-álag 16%
130	505.690	515.804	525.917	536.031	546.145	556.259	566.373	576.486	586.600
131	509.787	519.983	530.179	540.375	550.570	560.766	570.962	581.158	591.353
132	513.932	524.210	534.489	544.768	555.046	565.325	575.604	585.882	596.161
133	518.121	528.483	538.846	549.208	559.570	569.933	580.295	590.658	601.020
134	522.355	532.802	543.250	553.697	564.144	574.591	585.038	595.485	605.932
135	526.638	537.171	547.703	558.236	568.769	579.302	589.834	600.367	610.900
136	530.967	541.587	552.206	562.825	573.445	584.064	594.683	605.303	615.922
137	535.343	546.050	556.757	567.464	578.171	588.878	599.585	610.291	620.998
138	539.768	550.564	561.359	572.154	582.950	593.745	604.541	615.336	626.131
139	544.242	555.127	566.012	576.897	587.782	598.667	609.551	620.436	631.321
140	548.763	559.738	570.714	581.689	592.664	603.640	614.615	625.590	636.565
141	553.335	564.402	575.469	586.535	597.602	608.669	619.735	630.802	641.869
142	557.958	569.117	580.277	591.436	602.595	613.754	624.913	636.072	647.232
143	562.632	573.885	585.138	596.390	607.643	618.896	630.148	641.401	652.654
144	567.358	578.705	590.052	601.399	612.746	624.094	635.441	646.788	658.135
145	572.134	583.577	595.020	606.462	617.905	629.348	640.790	652.233	663.676
146	576.963	588.502	600.042	611.581	623.120	634.659	646.199	657.738	669.277
147	581.846	593.483	605.120	616.757	628.394	640.031	651.668	663.305	674.942
148	586.783	598.518	610.254	621.990	633.725	645.461	657.197	668.932	680.668
149	591.773	603.609	615.444	627.280	639.115	650.951	662.786	674.622	686.457
150	596.818	608.754	620.690	632.627	644.563	656.499	668.436	680.372	692.308
151	601.920	613.959	625.997	638.036	650.074	662.113	674.151	686.189	698.228
152	607.077	619.218	631.360	643.501	655.643	667.784	679.926	692.067	704.209
153	612.290	624.535	636.781	649.027	661.273	673.518	685.764	698.010	710.256
154	617.561	629.912	642.264	654.615	666.966	679.317	691.668	704.020	716.371
155	622.890	635.348	647.806	660.264	672.722	685.179	697.637	710.095	722.553
156	628.279	640.845	653.411	665.976	678.542	691.107	703.673	716.238	728.804
157	633.725	646.400	659.074	671.749	684.423	697.098	709.772	722.447	735.121
158	639.232	652.016	664.801	677.585	690.370	703.155	715.939	728.724	741.509
159	644.799	657.695	670.591	683.487	696.383	709.279	722.175	735.071	747.967
160	650.429	663.437	676.446	689.454	702.463	715.471	728.480	741.489	754.497
161	656.118	669.240	682.363	695.485	708.607	721.730	734.852	747.974	761.097
162	660.367	673.574	686.781	699.989	713.196	726.403	739.611	752.818	766.025
163	665.409	678.717	692.025	705.333	718.642	731.950	745.258	758.566	771.874
164	670.502	683.912	697.322	710.732	724.142	737.552	750.962	764.372	777.783
165	675.645	689.158	702.671	716.184	729.697	743.210	756.723	770.236	783.749
166	680.839	694.456	708.073	721.690	735.307	748.923	762.540	776.157	789.774
167	688.003	701.763	715.523	729.283	743.043	756.803	770.563	784.323	798.083
168	695.262	709.167	723.073	736.978	750.883	764.788	778.694	792.599	806.504
169	702.620	716.672	730.725	744.777	758.830	772.882	786.934	800.987	815.039
170	710.074	724.276	738.477	752.679	766.880	781.082	795.283	809.485	823.686
171	717.629	731.982	746.335	760.687	775.040	789.392	803.745	818.097	832.450
172	725.288	739.793	754.299	768.805	783.311	797.816	812.322	826.828	841.334
173	733.047	747.708	762.369	777.030	791.690	806.351	821.012	835.673	850.334
174	740.909	755.727	770.546	785.364	800.182	815.000	829.818	844.637	859.455
175	748.877	763.855	778.832	793.810	808.787	823.765	838.742	853.720	868.697
176	757.032	772.172	787.313	802.454	817.594	832.735	847.876	863.016	878.157
177	766.403	781.731	797.059	812.387	827.715	843.043	858.371	873.699	889.027
178	775.909	791.427	806.945	822.464	837.982	853.500	869.018	884.536	900.055
179	785.553	801.264	816.975	832.687	848.398	864.109	879.820	895.531	911.242
180	795.337	811.244	827.151	843.058	858.964	874.871	890.778	906.685	922.591

Skjal sótt af '999999999' dags: 02.05 2026

<b>MATVÍS, RSÍ OG VM</b>									
<b>Launatafla 2</b>									
<b>Gildir frá 1. apríl 2025 til 31. mars 2026</b>									
<b>L.fl.</b>	<b>Grunn- laun</b>	<b>Persónu- álag 2%</b>	<b>Persónu- álag 4%</b>	<b>Persónu- álag 6%</b>	<b>Persónu- álag 8%</b>	<b>Persónu- álag 10%</b>	<b>Persónu- álag 12%</b>	<b>Persónu- álag 14%</b>	<b>Persónu- álag 16%</b>
130	529.440	540.029	550.617	561.206	571.795	582.384	592.973	603.561	614.150
131	533.537	544.208	554.879	565.550	576.220	586.891	597.562	608.233	618.903
132	537.682	548.435	559.189	569.943	580.696	591.450	602.204	612.957	623.711
133	541.871	552.708	563.546	574.383	585.220	596.058	606.895	617.733	628.570
134	546.105	557.027	567.950	578.872	589.794	600.716	611.638	622.560	633.482
135	550.388	561.396	572.403	583.411	594.419	605.427	616.434	627.442	638.450
136	554.717	565.812	576.906	588.000	599.095	610.189	621.283	632.378	643.472
137	559.093	570.275	581.457	592.639	603.821	615.003	626.185	637.366	648.548
138	563.518	574.789	586.059	597.329	608.600	619.870	631.141	642.411	653.681
139	567.992	579.352	590.712	602.072	613.432	624.792	636.151	647.511	658.871
140	572.513	583.963	595.414	606.864	618.314	629.765	641.215	652.665	664.115
141	577.085	588.627	600.169	611.710	623.252	634.794	646.335	657.877	669.419
142	581.708	593.342	604.977	616.611	628.245	639.879	651.513	663.147	674.782
143	586.382	598.110	609.838	621.565	633.293	645.021	656.748	668.476	680.204
144	591.108	602.930	614.752	626.574	638.396	650.219	662.041	673.863	685.685
145	595.884	607.802	619.720	631.637	643.555	655.473	667.390	679.308	691.226
146	600.713	612.727	624.742	636.756	648.770	660.784	672.799	684.813	696.827
147	605.596	617.708	629.820	641.932	654.044	666.156	678.268	690.380	702.492
148	610.533	622.743	634.954	647.165	659.375	671.586	683.797	696.007	708.218
149	615.523	627.834	640.144	652.455	664.765	677.076	689.386	701.697	714.007
150	620.568	632.979	645.390	657.802	670.213	682.624	695.036	707.447	719.858
151	625.670	638.184	650.697	663.211	675.724	688.238	700.751	713.264	725.778
152	630.827	643.443	656.060	668.676	681.293	693.909	706.526	719.142	731.759
153	636.040	648.760	661.481	674.202	686.923	699.643	712.364	725.085	737.806
154	641.311	654.137	666.964	679.790	692.616	705.442	718.268	731.095	743.921
155	646.640	659.573	672.506	685.439	698.372	711.304	724.237	737.170	750.103
156	652.029	665.070	678.111	691.151	704.192	717.232	730.273	743.313	756.354
157	657.475	670.625	683.774	696.924	710.073	723.223	736.372	749.522	762.671
158	662.982	676.241	689.501	702.760	716.020	729.280	742.539	755.799	769.059
159	668.549	681.920	695.291	708.662	722.033	735.404	748.775	762.146	775.517
160	674.179	687.662	701.146	714.629	728.113	741.596	755.080	768.564	782.047
161	679.868	693.465	707.063	720.660	734.257	747.855	761.452	775.049	788.647
162	684.117	697.799	711.481	725.164	738.846	752.528	766.211	779.893	793.575
163	689.159	702.942	716.725	730.508	744.292	758.075	771.858	785.641	799.424
164	694.252	708.137	722.022	735.907	749.792	763.677	777.562	791.447	805.333
165	699.395	713.383	727.371	741.359	755.347	769.335	783.323	797.311	811.299
166	704.669	718.762	732.856	746.949	761.042	775.136	789.229	803.323	817.416
167	712.083	726.324	740.566	754.808	769.049	783.291	797.533	811.774	826.016
168	719.596	733.988	748.380	762.772	777.164	791.556	805.948	820.340	834.732
169	727.212	741.756	756.300	770.844	785.389	799.933	814.477	829.021	843.566
170	734.927	749.626	764.324	779.023	793.721	808.420	823.118	837.817	852.515
171	742.746	757.601	772.456	787.311	802.166	817.021	831.876	846.731	861.586
172	750.673	765.686	780.700	795.713	810.727	825.740	840.753	855.767	870.780
173	758.703	773.877	789.051	804.226	819.400	834.574	849.748	864.922	880.096
174	766.841	782.178	797.515	812.852	828.188	843.525	858.862	874.199	889.536
175	775.088	790.589	806.091	821.593	837.095	852.597	868.098	883.600	899.102
176	783.528	799.199	814.869	830.540	846.210	861.881	877.551	893.222	908.892
177	793.227	809.091	824.956	840.820	856.685	872.549	888.414	904.279	920.143
178	803.066	819.127	835.189	851.250	867.311	883.373	899.434	915.495	931.557
179	813.048	829.309	845.570	861.831	878.092	894.352	910.613	926.874	943.135
180	823.174	839.638	856.101	872.565	889.028	905.492	921.955	938.419	954.882

Skjal sótt af '999999999' dags: 02.05.2026

<b>MATVÍS, RSÍ OG VM</b>									
<b>Launatafla 3</b>									
<b>Gildir frá 1. apríl 2026 til 31. mars 2027</b>									
L.fl.	Grunn- laun	Persónu- álag 2%	Persónu- álag 4%	Persónu- álag 6%	Persónu- álag 8%	Persónu- álag 10%	Persónu- álag 12%	Persónu- álag 14%	Persónu- álag 16%
130	553.190	564.254	575.317	586.381	597.445	608.509	619.573	630.636	641.700
131	557.287	568.433	579.579	590.725	601.870	613.016	624.162	635.308	646.453
132	561.432	572.660	583.889	595.118	606.346	617.575	628.804	640.032	651.261
133	565.621	576.933	588.246	599.558	610.870	622.183	633.495	644.808	656.120
134	569.855	581.252	592.650	604.047	615.444	626.841	638.238	649.635	661.032
135	574.138	585.621	597.103	608.586	620.069	631.552	643.034	654.517	666.000
136	578.467	590.037	601.606	613.175	624.745	636.314	647.883	659.453	671.022
137	582.843	594.500	606.157	617.814	629.471	641.128	652.785	664.441	676.098
138	587.268	599.014	610.759	622.504	634.250	645.995	657.741	669.486	681.231
139	591.742	603.577	615.412	627.247	639.082	650.917	662.751	674.586	686.421
140	596.263	608.188	620.114	632.039	643.964	655.890	667.815	679.740	691.665
141	600.835	612.852	624.869	636.885	648.902	660.919	672.935	684.952	696.969
142	605.458	617.567	629.677	641.786	653.895	666.004	678.113	690.222	702.332
143	610.132	622.335	634.538	646.740	658.943	671.146	683.348	695.551	707.754
144	614.858	627.155	639.452	651.749	664.046	676.344	688.641	700.938	713.235
145	619.634	632.027	644.420	656.812	669.205	681.598	693.990	706.383	718.776
146	624.463	636.952	649.442	661.931	674.420	686.909	699.399	711.888	724.377
147	629.346	641.933	654.520	667.107	679.694	692.281	704.868	717.455	730.042
148	634.283	646.968	659.654	672.340	685.025	697.711	710.397	723.082	735.768
149	639.273	652.059	664.844	677.630	690.415	703.201	715.986	728.772	741.557
150	644.318	657.204	670.090	682.977	695.863	708.749	721.636	734.522	747.408
151	649.420	662.409	675.397	688.386	701.374	714.363	727.351	740.339	753.328
152	654.577	667.668	680.760	693.851	706.943	720.034	733.126	746.217	759.309
153	659.790	672.985	686.181	699.377	712.573	725.768	738.964	752.160	765.356
154	665.061	678.362	691.664	704.965	718.266	731.567	744.868	758.170	771.471
155	670.390	683.798	697.206	710.614	724.022	737.429	750.837	764.245	777.653
156	675.779	689.295	702.811	716.326	729.842	743.357	756.873	770.388	783.904
157	681.225	694.850	708.474	722.099	735.723	749.348	762.972	776.597	790.221
158	686.732	700.466	714.201	727.935	741.670	755.405	769.139	782.874	796.609
159	692.299	706.145	719.991	733.837	747.683	761.529	775.375	789.221	803.067
160	697.929	711.887	725.846	739.804	753.763	767.721	781.680	795.639	809.597
161	703.663	717.737	731.810	745.883	759.956	774.030	788.103	802.176	816.249
162	708.061	722.222	736.383	750.545	764.706	778.867	793.028	807.189	821.351
163	713.279	727.545	741.811	756.076	770.342	784.607	798.873	813.139	827.404
164	718.551	732.922	747.293	761.664	776.035	790.406	804.777	819.148	833.519
165	723.874	738.352	752.829	767.307	781.784	796.262	810.739	825.217	839.694
166	729.332	743.919	758.506	773.092	787.679	802.266	816.852	831.439	846.025
167	737.006	751.746	766.486	781.226	795.966	810.706	825.446	840.186	854.927
168	744.782	759.678	774.574	789.469	804.365	819.261	834.156	849.052	863.947
169	752.664	767.717	782.771	797.824	812.877	827.931	842.984	858.037	873.090
170	760.649	775.862	791.075	806.288	821.501	836.714	851.927	867.140	882.353
171	768.743	784.117	799.492	814.867	830.242	845.617	860.992	876.366	891.741
172	776.946	792.485	808.024	823.563	839.102	854.641	870.180	885.719	901.258
173	785.258	800.963	816.668	832.373	848.079	863.784	879.489	895.194	910.899
174	793.681	809.554	825.428	841.301	857.175	873.049	888.922	904.796	920.669
175	802.216	818.260	834.304	850.349	866.393	882.437	898.482	914.526	930.570
176	810.951	827.170	843.390	859.609	875.828	892.047	908.266	924.485	940.704
177	820.990	837.410	853.829	870.249	886.669	903.089	919.509	935.928	952.348
178	831.173	847.797	864.420	881.044	897.667	914.291	930.914	947.538	964.161
179	841.504	858.334	875.165	891.995	908.825	925.655	942.485	959.315	976.145
180	851.985	869.025	886.065	903.105	920.144	937.184	954.224	971.263	988.303

<b>MATVÍS, RSÍ OG VM</b>									
<b>Launatafla 4</b>									
<b>Gildir frá 1. apríl 2027 til 31. mars 2028</b>									
L.fl.	Grunn-laun	Persónu-álag 2%	Persónu-álag 4%	Persónu-álag 6%	Persónu-álag 8%	Persónu-álag 10%	Persónu-álag 12%	Persónu-álag 14%	Persónu-álag 16%
130	576.940	588.479	600.017	611.556	623.095	634.634	646.173	657.711	669.250
131	581.037	592.658	604.279	615.900	627.520	639.141	650.762	662.383	674.003
132	585.182	596.885	608.589	620.293	631.996	643.700	655.404	667.107	678.811
133	589.371	601.158	612.946	624.733	636.520	648.308	660.095	671.883	683.670
134	593.605	605.477	617.350	629.222	641.094	652.966	664.838	676.710	688.582
135	597.888	609.846	621.803	633.761	645.719	657.677	669.634	681.592	693.550
136	602.217	614.262	626.306	638.350	650.395	662.439	674.483	686.528	698.572
137	606.593	618.725	630.857	642.989	655.121	667.253	679.385	691.516	703.648
138	611.018	623.239	635.459	647.679	659.900	672.120	684.341	696.561	708.781
139	615.492	627.802	640.112	652.422	664.732	677.042	689.351	701.661	713.971
140	620.013	632.413	644.814	657.214	669.614	682.015	694.415	706.815	719.215
141	624.585	637.077	649.569	662.060	674.552	687.044	699.535	712.027	724.519
142	629.208	641.792	654.377	666.961	679.545	692.129	704.713	717.297	729.882
143	633.882	646.560	659.238	671.915	684.593	697.271	709.948	722.626	735.304
144	638.608	651.380	664.152	676.924	689.696	702.469	715.241	728.013	740.785
145	643.384	656.252	669.120	681.987	694.855	707.723	720.590	733.458	746.326
146	648.213	661.177	674.142	687.106	700.070	713.034	725.999	738.963	751.927
147	653.096	666.158	679.220	692.282	705.344	718.406	731.468	744.530	757.592
148	658.033	671.193	684.354	697.515	710.675	723.836	736.997	750.157	763.318
149	663.023	676.284	689.544	702.805	716.065	729.326	742.586	755.847	769.107
150	668.068	681.429	694.790	708.152	721.513	734.874	748.236	761.597	774.958
151	673.170	686.634	700.097	713.561	727.024	740.488	753.951	767.414	780.878
152	678.327	691.893	705.460	719.026	732.593	746.159	759.726	773.292	786.859
153	683.540	697.210	710.881	724.552	738.223	751.893	765.564	779.235	792.906
154	688.811	702.587	716.364	730.140	743.916	757.692	771.468	785.245	799.021
155	694.140	708.023	721.906	735.789	749.672	763.554	777.437	791.320	805.203
156	699.529	713.520	727.511	741.501	755.492	769.482	783.473	797.463	811.454
157	705.068	719.169	733.271	747.372	761.473	775.575	789.676	803.777	817.879
158	710.767	724.983	739.198	753.413	767.629	781.844	796.059	810.275	824.490
159	716.530	730.860	745.191	759.521	773.852	788.183	802.513	816.844	831.174
160	722.356	736.803	751.250	765.697	780.145	794.592	809.039	823.486	837.933
161	728.292	742.857	757.423	771.989	786.555	801.121	815.687	830.252	844.818
162	732.843	747.500	762.157	776.814	791.470	806.127	820.784	835.441	850.098
163	738.244	753.009	767.774	782.539	797.304	812.069	826.833	841.598	856.363
164	743.700	758.574	773.448	788.322	803.196	818.070	832.944	847.818	862.692
165	749.210	764.194	779.178	794.162	809.147	824.131	839.115	854.099	869.083
166	754.859	769.956	785.053	800.150	815.248	830.345	845.442	860.539	875.636
167	762.801	778.057	793.313	808.569	823.825	839.081	854.337	869.593	884.849
168	770.850	786.267	801.684	817.101	832.518	847.935	863.352	878.769	894.186
169	779.007	794.588	810.168	825.748	841.328	856.908	872.488	888.068	903.649
170	787.272	803.018	818.763	834.509	850.254	865.999	881.745	897.490	913.236
171	795.649	811.561	827.474	843.387	859.300	875.213	891.126	907.039	922.952
172	804.139	820.222	836.305	852.388	868.471	884.553	900.636	916.719	932.802
173	812.742	828.997	845.252	861.507	877.761	894.016	910.271	926.526	942.781
174	821.459	837.889	854.318	870.747	887.176	903.605	920.034	936.464	952.893
175	830.293	846.899	863.505	880.111	896.717	913.323	929.929	946.534	963.140
176	839.335	856.121	872.908	889.695	906.482	923.268	940.055	956.842	973.628
177	849.724	866.719	883.713	900.708	917.702	934.697	951.691	968.686	985.680
178	860.264	877.470	894.675	911.880	929.085	946.291	963.496	980.701	997.907
179	870.957	888.376	905.795	923.214	940.634	958.053	975.472	992.891	1.010.310
180	881.805	899.441	917.077	934.713	952.349	969.985	987.621	1.005.258	1.022.894

Skjal sótt af '999999999' dags: 02.05 2026

TENGITAFLA VIÐ STARFSMAT			TENGITAFLA VIÐ STARFSMAT		
Gildir frá 1. apríl 2024-31. mars 2028			Gildir frá 1. apríl 2024-31. mars 2028		
Launaflokkur	Neðri mörk	Efri mörk	Launaflokkur	Neðri mörk	Efri mörk
115	249	256	158	595	601
116	257	264	159	602	608
117	265	274	160	609	615
118	275	284	161	616	622
119	285	294	162	623	629
120	295	304	163	630	636
121	305	314	164	637	643
122	315	324	165	644	650
123	325	334	166	651	657
124	335	344	167	658	664
125	345	354	168	665	671
126	355	363	169	672	678
127	364	372	170	679	685
128	373	381	171	686	692
129	382	390	172	693	699
130	391	399	173	700	706
131	400	408	174	707	713
132	409	417	175	714	720
133	418	426	176	721	727
134	427	433	177	728	734
135	434	440	178	735	741
136	441	447	179	742	748
137	448	454	180	749	755
138	455	461	181	756	762
139	462	468	182	763	769
140	469	475	183	770	776
141	476	482	184	777	783
142	483	489	185	784	790
143	490	496	186	791	797
144	497	503	187	798	804
145	504	510	188	805	811
146	511	517	189	812	818
147	518	524	190	819	825
148	525	531	191	826	832
149	532	538	192	833	839
150	539	545	193	840	846
151	546	552	194	847	853
152	553	559	195	854	860
153	560	566	196	861	867
154	567	573	197	868	874
155	574	580	198	875	881
156	581	587	199	882	888
157	588	594	200	889	895

## FYLGISKJAL 4: LEIÐBEININGAR

### Leiðbeiningar til stjórnenda vegna mönnunar á stórhátíðardögum:

Á stofnunum og vinnustöðum með starfsemi sem er skipulögð allan sólarhringinn hefur reynt erfitt að fá starfsfólk til þess að taka að sér aukavaktir á stórhátíðardögum þegar greitt er 165% álag. Helsta ástæðan er að stórhátíðarkaup er lægra en stórhátíðarálag auk þess sem vægi vinnuskyldustunda og vaktahvati reiknast ekki á aukavaktir. Þessu má bregðast við með því að gera breytingu á vakt hjá þeim sem tekur að sér aukavakt á stórhátíðardögum. Þá fær viðkomandi starfsmaður breytingagjald vegna skamms fyrirvara, hún telst upp í vinnuskyldu a.t.t. vægi vinnuskyldustunda, greiðist á stórhátíðarálagi og telst upp í vaktahvata. Fjarvist er skráð á þann starfsmann sem forfallaðist og greiðslur til hans eru samkvæmt kjarasamningi.

Breyting á vakt er framkvæmd í gegnum Vinnustund og má finna leiðbeiningar hér:

<https://hjalp.vinnustund.is/Vinnustund/Breytingagjald.htm>

### Leiðbeiningar um hlé frá vinnu

Með nýlegum breytingum á kjarasamningum varðandi vinnutíma í dagvinnu er vinnuvika í fullu starfi nú 36 virkar vinnustundir samkvæmt gr. 2.1.1. Starfsfólki í dagvinnu og vaktavinnu er heimilt að neyta matar og drykkja við vinnu sína þegar því verður viðkomið starfsins vegna en hefur ekki forræði yfir þeim hléum nema um annað sé samið sbr. gr. 3.1.2.

Þetta fyrirkomulag hefur verið í gildi hjá vaktavinnufólki um árabíl. Með nýlegum breytingum á vinnutíma á hið sama við um dagvinnufólk. Þá verða ekki breytingar t.d. á ákvæðum kjarasamninga um aðgengi starfsfólks að mötuneytum. Störf hjá ríki og sveitarfélögum eru afar fjölbreytt og þess vegna geta hléin einnig verið mismunandi og skulu útfærð á hverjum vinnustað fyrir sig að teknu tilliti til þarfa starfsmanna og starfsfólks.

Á þeim vinnustöðum þar sem starfsfólk getur brugðið sér frá störfum til að nærast eða hvílast eru hlé ekki sérstaklega tímasett. Í öðrum störfum þar sem slíkt er erfiðara svo sem vegna þess að starfsfólk þarf að leysa hvert annað af til að taka hlé frá störfum þarf að gera ráð fyrir því sérstaklega við skipulag vinnudagsins.

### Skipulögð hlé á forræði starfsfólks

Heimilt er með samkomulagi stjórnenda stofnunar og einfalds meirihluta þeirra starfsmanna sem málið varðar að ákvarða dagleg hlé sem eru á forræði starfsmanna. Ákvörðuð lengd þeirra lengir daglega viðveru starfsmanna samsvarandi enda eru slík hlé ekki hluti virks vinnutíma. Dæmi eru um starfsfólk kjósi að fara heim í hádegishléinu eða hafa tiltekna lengd á hléi fyrir og/eða eftir hádegi. Það verður áfram heimilt en þá er það ákvörðun vinnustaðarins, þ.e. stjórnenda stofnunar og einfalds meirihluta starfsfólks, hvert fyrirkomulag slíkra hléa verður.

### Heilsa og öryggi starfsfólks

Markmið nýlegra vinnutímabreytinga snúa m.a. að heilsu og öryggi starfsfólks. Regluleg hlé frá störfum hafa bein áhrif á andlega og líkamlega líðan starfsfólks og þess vegna er t.a.m. sérstaklega fjallað um þau í tengslum við hvíld frá störfum í lögum nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

## Leiðbeiningar vegna ráðningarfyrikomulagsins tímavinnu

Samkvæmt flestum kjarasamningum er heimilt að ráða starfsfólk í tímavinnu í ákveðnum tilvikum. Þá er starfsfólki greitt tímavinnukaup. Tímavinnukaup fer eftir ákvæðum í kjarasamningi, sjá gr. 1.4-

Það geta verið margvísleg rök fyrir því að ráða starfsfólk í tímavinnu og er tiltekið sérstaklega í kjarasamningi hvenær slíkt er heimilt. Þetta fyrirkomulag ráðningar er undantekning frá þeirri meginreglu að ráða fólk í fast starfshlutfall á mánaðarlaun og ber að túlka heimildir til ráðningar í tímavinnu þröngt.

Í flestum kjarasamningum er tímavinna heimiluð í eftirfarandi tilvikum:

1. Nemendum við störf í námshléum.
2. Starfsmönnum sem ráðnir eru til skamms tíma vegna sérstakra, árvissra álagstíma ýmissa ríkisstofnana, þó eigi lengur en tvo mánuði.
3. Starfsmönnum sem ráðnir eru til að vinna að sérhæfðum afmörkuðum verkefnum.
4. Starfsmönnum sem starfa óreglubundið um lengri eða skemmri tíma, þó aðeins í algjörum undantekningartilvikum.
5. Lífeyrisþegum sem vinna hluta úr starfi.

Um starfsfólk í tímavinnu gilda sérstök ákvæði kjarasamninga að því er varðar t.d. veikindarétt og uppsagnarfrest.

Mikilvægt er að gerður sé skriflegur samningur vegna ráðningar starfsfólks í tímavinnu. Þar skal tilgreina hvert tímakaup starfsfólks sé, t.d. með tilvísun til þess launaflokks sem um ræðir. Upplýsingar um uppsagnarfrest, orlof, veikindi o.fl. er heimilt að veita með tilvísun til kjarasamnings enda gilda önnur ákvæði um réttindi tímavinnustarfsfólks.

Ef starfsfólk er ráðið sem tímavinnufólk, hefur jafnvel unnið um árabil í slíku ráðningarformi, og ætti með réttu að vera í starfshlutfalli á mánaðarlaunum, þurfa forstöðumaður/stjórnandi og hlutaðeigandi starfsmaður að taka samtal um hvort ekki sé tímabært að taka fyrirkomulagið til endurskoðunar. Í því samhengi áréttast þó sú meginregla að ráða ekki starfsfólk eldra en 70 ára á mánaðarlaun og í starfshlutfall.

Ef þess er þörf er aðstoð og/eða frekari ráðgjöf að finna á eftirfarandi stöðum:

Starfsfólki er bent á að leita til sinna stéttarfélaganna og/eða bandalaga varðandi ráðgjöf og aðstoð.

Stofnunum er bent á að leita til mannauðs- og launasviðs Fjársýslunnar. Hægt er að senda fyrirspurn inná mannauðstorgi ríkisins [www.mannaudstorg.is](http://www.mannaudstorg.is). Jafnframt er gagnlegar upplýsingar þar að finna.

Starfsstöðum Reykjavíkurborgar er bent á að leita til mannauðsþjónustu viðkomandi sviðs og/eða til mannauðs- og starfsumhverfissviðs á [mannaudur@reykjavik.is](mailto:mannaudur@reykjavik.is). Jafnframt er gagnlegar upplýsingar að finna á innri vef borgarinnar, Fróða ([innri.reykjavik.is](http://innri.reykjavik.is))

Sveitarfélögum og stofnunum þeirra er bent á að leita til Sambands íslenskra sveitarfélaga. Beina má fyrirspurnum á netfangið [thjonusta@samband.is](mailto:thjonusta@samband.is). Einnig er gagnlegar upplýsingar að finna á vef Sambandsins <https://www.samband.is/>

**VIÐAUKI 4: LAUNATÖFLUAUKI 2024 TIL 2028****LAUNATÖFLUAUKI FYRIR KJARASAMNINGSTÍMABILID 2024-2028**

Tekinn skal upp launatöfluauki fyrir stéttarfélagið á kjarasamningstímabilinu 2024-2028. Launatöfluauka er ætlað að stuðla að því að þróun launakostnaðar starfsfólks á opinberum markaði innan vébanda hlutaðeigandi heildarsamtaka haldi að jafnaði í við þróun launakostnaðar sambærilegra hópa á almennum markaði en honum er ekki ætlað að tryggja þróun launakostnaðar einstakra stéttarféлага eða starfsmanna. Samanburðarhópar á almennum markaði eru tilgreindir með bálkum Íslenskrar starfaflokkunar Hagstofu Íslands (ÍSTARF) á tilgreindu tímabili. Launatöfluauki hefur ekki áhrif á umsamdar launahækkningar í kjarasamningum. Áhrif launabreytinga í tengslum við útfærslu 7. gr. samkomulags um breytingar á skipan lífeyrismála opinbers starfsfólks frá árinu 2016, hafa eftir atvikum ekki áhrif til lækkunar á launatöfluauka.

**Samanburðarhópar heildarsamtaka**

Bera skal saman þróun á launakostnaði þeirra heildarsamtaka starfsfólks sveitarféлага sem stéttarfélagið á aðild að, við þróun launakostnaðar sambærilegra stétta á almennum markaði. Samanburðarhópar heildarsamtaka eru sem hér segir:

Heildarsamtök	Launagreiðandi	Stétt á almennum markaði
BHM	Sveitarfélög	Sérfræðingar (ÍSTARF bálkur 2)
KÍ	Sveitarfélög	Sérfræðingar (ÍSTARF bálkur 2)
65% BSRB og 35% ASÍ	Sveitarfélög	5% Sérfræðingar (ÍSTARF bálkur 2), 15% Tæknar og sérmenntaðir (ÍSTARF bálkur 3), 70% Þjónustu-, sölu- og afgreiðslufólk (ÍSTARF bálkur 5) og 10% Verkaþólk (ÍSTARF 7,8,9 og stöðutala 0 eða 1)

**Viðmiðunartímabil og uppgjör launatöfluauka**

Á gildistíma kjarasamningsins skal í þrjú skipti bera saman þróun á launakostnaði milli markaða þar sem upphaf tímabils í öllum mælingum er desember 2023. Þá skal horft til þróunar tímakaups reglulegra launa (launavísitölu Hagstofu Íslands) á viðmiðunartímabilinu en að undanskildum hækkunum tengdum útfærslu 7 gr. samkomulagsins. Auk þess skal horft til þróunar annars launakostnaðar sem samið er um í kjarasamningi og reiknast almennt til kostnaðar við kjarasamningsgerð s.s. hækkun iðgjalda í sjóði, breytinga á vinnufyrirkomulagi eða réttindum.

Mældur launatöfluauki miðast við útreikninga á breytingum á launavísitölu og launakostnaði sem hér segir:

Viðmiðunartímabil	Breytt launatafla tæki gildi
desember 2023 - desember 2024	1.september 2025
desember 2023 - desember 2025	1.september 2026
desember 2023 - desember 2026	1.september 2027

Leiði niðurstöður mælinga til breytinga á launatöflu tekur breytt launatafla gildi samkvæmt neðangreindu:

Heildarsamtök	Launagreiðandi	Áhrif á launaflokka / launatöflur
BHM	Sveitarfélög	Launatöflur aðildarfélaga heildarsamtakanna Frá og með launaflokki 253 hjá Reykjavíkurborg
KÍ	Sveitarfélög	Launatöflur aðildarfélaga heildarsamtakanna
BSRB og ASÍ	Sveitarfélög	Launatöflur aðildarfélaga heildarsamtakanna Að launaflokki 253 hjá Reykjavíkurborg

### Forsenda launatöfluauka

Forsenda þess að uppgjör launatöfluauka taki gildi er að fyrir liggja samþykktur kjarasamningur á ofangreindu viðmiðunartímabili og að kjarasamningsbundnar hækkanir hafi verið greiddar út á því tímabili. Þannig kemur ekki til uppgjors launatöfluauka hafi samningar ekki náðst og komið til útgreiðslu kjarasamningsbundinna launahækkana innan viðmiðunartímabils.

### Nefnd um launatöfluauka

Heildarsamtök launafólks (BHM, KÍ, BSRB og ASÍ), Reykjavíkurborg og Samband íslenskra sveitarfélaga skulu skipa hvert um sig einn aðalfulltrúa og einn til vara en ríki tvo og tvo til vara, í nefnd sem hefur það hlutverk að skilgreina nánar hvaða forsendur verði lagðar til grundvallar mælingum á þróun launakostnaðar á milli markaða. Fulltrúi ríkisins stýrir fundum nefndarinnar en nefndarmaður getur óskað eftir aðkomu og fundarstjórn ríkissáttasemjara og skal verða við því.

Nefndin skal yfirfara og staðfesta niðurstöður útreikninga hvers tímabils vegna mögulegs launatöfluauka hvers hóps starfsfólks sveitarfélaga út frá:

- 1) þróun launavísitölu viðkomandi hóps m.v. þróun launavísitölu samanburðarhóps á almennum markaði að undanskildum áhrifum af útfærslu 7 gr. samkomulagsins
- 2) þróun annars launakostnaðar á milli markaða sem reiknast almennt til kostnaðar við kjarasamningsgerð

Nefndin skal leita eftir samstarfi við stjórnvöld m.a. um söfnun og vinnslu upplýsinga og meta hvort tilefni sé til að endurmeta vogir samanburðarhópa og heildarsamtaka eða taka til skoðunar óvæntar breytingar í launavísitölu sem rekja megi til annarra þátta en launa eða raunverulegs vinnuframlags. Auk þess sem nefndin skal setja sér nánari starfsreglur.

### Reikningur launatöfluauka

Komi í ljós að mæld þróun launakostnaðar hlutaðeigandi heildarsamtaka sé lakari en hjá samanburðarhópnum á almennum vinnumarkaði sbr. framangreinda töflu og mismunurinn er yfir 0,5% skal launatafla skv. ofangreindri aðferðafræði hækkuð sem nemur 80% af mældum mismun. Sé þróunin lakari á síðasta viðmiðunartímabilinu þá fellur niður skilyrði um mismun yfir 0,5% og launataflan skv. ofangreindri aðferðafræði hækkuð sem nemur 90% af mældum mismun þann 1. september 2027. Þessi tilhögun, að bæta aðeins tiltekið hlutfall, er valin í ljósi þess að launapróun liðins tíma og launapróun viðkomandi hóps gæti hafa breyst frá því tímabili sem mælingin tekur til. Verði þróunin aftur á móti opinberum starfsmönnum í hag skal ekkert aðhafst.

Ef heildarfjöldi ársverka stéttarfélaga sem eiga rétt á launatöfluauka, í samræmi við skilgreiningar hér að ofan, er undir 80% af heildarfjölda ársverka hlutaðeigandi heildarsamtaka skal vigta mismun í þróun launakostnaðar á milli markaða með hlutfalli þeirra ársverka stéttarfélaga sem rétt eiga á launatöfluauka með heildarfjölda ársverka hlutaðeigandi heildarsamtaka. Miða skal við ársverk á síðastliðnu almanaksári. Þessi tilhögun sem felur í sér að vigta mismuninn er gerð til að fyrirbyggja ofgreiðslu launatöfluauka sem rekja mætti til þess að hlutfall þess félagsfólks með samþykktan kjarasamning og útgreidda kjarasamningsbundna

hækkun væri lágt þannig að verulegt ofmat yrði á mismuni á þróun launakostnaðar á milli markaða.

### Sýnidæmi um fyrirkomulag á launatöfluauka – mat og uppgjör

	Stétt/ Almennur markaður	Bandalag / Opinber launagreiðandi
<b>Vísitala launakostnaðar í desember 2023</b>	<b>100</b>	<b>100</b>
Hækkun reglulegra launa (launavísitölu) skv. mati Hagstofu Íslands	16,5%	12,5%
Hækkun launa v/ útfærslu 7 gr. samkomulagsins		-0,2%
Hækkun á launakostnaði s.s. framlag í orlofssjóð	0,1%	0,5%
<b>Vísitala launakostnaðar síðasta desember mánaðar</b>	<b>116,6</b>	<b>112,8</b>
<b>Mismunur, % (116,6/112,8-1)</b>		<b>3,4%</b>
<b>Launatöfluauki (80% af mismuni)</b>		<b>2,7%</b>

### Sýnidæmi um fyrirkomulag á launatöfluauka ef 70% eiga rétt á launatöfluauka – mat og uppgjör

	Stétt/ Almennur markaður	Bandalag / Opinber launagreiðandi
<b>Vísitala launakostnaðar í desember 2023</b>	<b>100</b>	<b>100</b>
Hækkun reglulegra launa (launavísitölu) skv. mati Hagstofu Íslands	16,5%	12,5%
Hækkun launa v/ útfærslu 7 gr. samkomulagsins		-0,2%
Hækkun á launakostnaði s.s. framlag í orlofssjóð	0,1%	0,5%
<b>Vísitala launakostnaðar síðasta desember mánaðar</b>	<b>116,6</b>	<b>112,8</b>
<b>Mismunur, % (116,6/112,8-1)</b>		<b>3,4%</b>
<b>Vigtun m.v. hlutfall samþyktra samninga og réttar til launatöfluauka (70%)</b>		<b>2,4%</b>
<b>Launatöfluauki (80% af mismuni)</b>		<b>1,9%</b>